

Föstudagin 4. nóvember 1966.

Nr. 145/1965. **Gísli Pálsson, eigandi Hofs,**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

**Benedikt Blöndal og Kristjáni Sigurðssyni,
eigendum Brúsastaða, og gagnsök**

(Sigurður Ólason hrl.).

Landamerkjамál.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Dómur Hæstaréttar.

I.

Hinn áfrýjaða dóm hafa kveðið upp Jón Ísberg sýslumaður og samdómsmennirnir Ólafur Magnússon hreppstjóri og Torfi Jónsson bóndi.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. september 1965. Honum hefur hinn 3. júní 1966 verið veitt gjafsókn í málinu. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þannig að landamerkjum Brúsastaða og Hofs ráði bein lina, sýnd á uppdrætti Ragnars Árnasonar verkfræðings sem „markalína samkvæmt héraðsdómi“, hæstaréttarskjal nr. Ö 56, en frá þessari línu ráði Vatnsdalsá suður á móts við Grjótá. Þá krefst og aðaláfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjenda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 18. september 1965. Þeir hafa hinn 21. s. m. fengið gjafsókn í málinu. Dómkröfur þeirra eru, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og landamerki jarðanna Brúsastaða og Hofs verði ákveðin eftir núverandi (vestari) farvegi Vatnsdalsár frá Kötlustaðahólma (Grjótá) og niður á móts við merkjaskurð milli Brúsastaða og Snæringssstaða, en lina þessi er sýnd á framangreindum uppdrætti Ragnars Árnasonar. Við munnlegan málflutning breyttu gagnáfrýjendur kröfum sínum „þannig, að á kaflanum gegnt téðri eyri“ (Stekkjareyri)

„og vestan Bæjareyrar ráði bein lína eftir sjónhendingu frá syðsta odda Kríuhólma á uppdrætti“ Ragnars Árnasonar „og í íbúðarhúsið á Hofi, þar til línan sker í báða enda hina upphaflegu kröfulínu“. Þá krefjast gagnáfrýjendur málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

II.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið lagður fram mikill fjöldi skjala og mörg vitni yfirheyrð.

Hinn 14. nóvember 1963 ritaði aðaláfrýjandi gagnáfrýjendum bréf. Kveðst aðaláfrýjandi hafa í huga „að breyta farvegi Vatnsdalsár“ til þess að afstýra frekari landspjöllum en hún þegar hefur valdið á túninu á Hofi. Þurfi þess vegna „að gera sér grein fyrir þeim farvegi Vatnsdalsár, sem er gildandi landamerki jarðanna Brúsastaða og Hofs“. Skoraði aðaláfrýjandi á gagnáfrýjendur að ræða leiðir til þess að ráða þessu til lykta. Eigi sést, að neitt hafi síðan gerzt í málinu, fyrr en aðaláfrýjandi ritaði sýslumanninum í Húnavatnssýslu bréf hinn 1. maí 1964 og fór þess á leit, að landamerkjadómur tæki málið til meðferðar. Var málið þingfest í landamerkjadómi Húnavatnssýslu hinn 19. júní 1964 og samdómendur skipaðir að fram farinni dómsruðningu. Landamerkjadómur kvað upp dóm sinn hinn 22. ágúst 1965.

Landamerkjaskrá Brúsastaða er frá 15. apríl 1884 og hljóðar svo:

„Að norðanverðu ræður Bræðratópt, sem er á milli bæjanna Brúsastaða og Snæringssstaða og einkennd er með steini, frá henni beina stefnu í grjótvörðu, sem er austur undir Vatnsdalsá, og frá Bræðratópt til vesturs í vörðu, sem er á næstu brún á hálsinum, og frá henni eftir þessari stefnulínu vestur í Kornsárkvísl. Að sunnanverðu ræður grjótvarða á svonefndu Langholti og austur frá henni til grjótvörðu á Skeiðmel og annarrar á há Ljótunnarmel, þaðan beint austur til Vatnsdalsár. Frá Langholtsvörðunni til vesturs í grjótvörðu á Miðmundarhæð og svo beint

eftir þessari stefnulínu vestur í Kornsárkvísl. Að vestan ræður Kornsárkvísl og að austan Vatnsdalsá.

Hvammi 15. apríl 1884.

G. B. Blöndal,

umboðsmaður Þingeyrarklaustursjarða.

Hinsvegar skráðum landamerkjum fyrir Þjóðjörðinni Brúsa-stöðum erum vér undirritaðir samþykkir: Jónas Guðmundsson, Guðmundur Jónasson, Halldór B. Þorláksson, eigendur að jörðinni Ási í Vatnsdal. Hjörll. Einarsson, prestur að Undirfelli. Lesið upp fyrir manntalsþingrétti Húnavatns-sýslu að Ási 31. maí 1884 og innritað í landamerkjabók sýslunnar nr. 6. bl. 4.

Vottar: Lárus Blöndal.“

Benedikt Gísli Blöndal undirritaði framanritaða landamerkjaskrá sem umráðandi Brúsastaða, sem var ein af Þingeyrarklaustursjörðum. Hann byggði hinn 25. apríl 1894 jörðina ekkjunni Gróu Blöndal, og er framangreind landamerkjaskrá tekin upp í byggingarbréfið.

Landamerkjaskrá fyrir Hof frá 25. júlí 1890 hljóðar svo: „Að sunnan ræður Grjótá allt frá Vatnsdalsá upp í svokölluð Þrengsli milli Svartafells og Sandfells, beint til austurs, eins og vötn að draga. Að vestan ræður Vatnsdalsá að vestasta farveg, eins og hún nú rennur. Að norðan merk-in bein lína úr snidduhlaðinni vörðu á hólmanum fyrir vestan Kristínarbakka í markstein þann, sem settur er á bakka þennan og merktur er stöfunum LM. Þaðan ræður merkjum sjónhending í neðanverða Geitagjá, sem er efst í fjallsbrúninni. Að austan ræður merkjum eins og vötn að draga.

Kornsá og Undirfelli 25. júlí 1890.

Lárus Blöndal, Hjörll. Einarsson, umráðamenn kristfjarjarðanna Hofs og Kötlustaða.

Magnús Steindórsson, Jónas Guðmundsson,
eigandi að ½ Sauðadal. eigandi að Bakka.

Lesið upp á manntalsþingi að Ási hinn 28. maí 1891 og

innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu nr. 245, fol. 128.
Vottar: Jóh. Jóhannesson

— settur — “

Aðiljar máls þessa deila um eignarrétt mikils hluta landspildu, sem liggur milli vatnsrennslis Vatnsdalsár að austan og farveggar með pollum í að vestan, en samkvæmt vætti vitna rennur vatn úr Vatnsdalsá í farveg þennan í vatnavöxtum. Nefnir aðaláfrýjandi farveg þennan „vestasta farveg“ og telur hann vera þá vestustu kvísl, sem getur í landamerkjabréfinu frá 1890 og þar er talin landamerki milli jarðanna. Reisir hann kröfur sínar á bréfi þessu. Gagnáfrýjendur nefna farveg þennan hins vegar Brúsastaðasíki. Sjálft þrætulandið nefnir aðaláfrýjandi Hofseyrar, en gagnáfrýjendur Brúsastaðahólma. Sum vitni nefna það Hofshólma, önnur Syðri Kriuhólma.

Gagnáfrýjendur reisa kröfur á því, að rennsli Vatnsdalsár, eins og það er nú, eigi að ráða að mestu merkjum milli jarðanna, enda sé ósannað, að áin hafi breytt farvegi sínum síðan 1884, er Brúsastaðabréfið var samþykkt, sbr. 3. gr. laga nr. 15/1923. Til vara telja þeir sannað, að svo til engin breyting hafi orðið á rennsli árinar eftir 1934, sbr. 3. tl. 8. gr fyrrgreindra laga.

Í landamerkjaskránni frá 15. apríl 1884, sem séra Hjörleifur Einarsson undirritaði fyrir kristfjárjörðina Hof og Benedikt Gísli Blöndal fyrir Brúsastaði, er Vatnsdalsá talin landamerki jarða þessara. Í landamerkjaskránni frá 25. júlí 1890, sem séra Hjörleifur undirritaði fyrir Hof, en eigi er undirrituð af umboðsmanni Brúsastaða, segir: „Að vestan ræður Vatnsdalsá að vestasta farveg, eins og hún er nú.“ Leitt er í ljós, að Benedikt Gísli Blöndal var þingvottur, þá er landamerkjaskrá þessi var þinglesin.

Í Jónsbók, landsleigubálk 56, sem var gildandi lög á þeim tíma, er hér skiptir máli, segir:

„Hverr maðr á vatn ok veiðistöð fyrir sinni jörðu ok á sem at fornu hefir verit, nema með lögum sé frá komit. Vötn öll skulu svá renna sem at fornu hafa runnit; veiti þat engi maðr af bæ eða á bæ annars, nema þat brjóti sjálft.

En ef þat er veitt, þá skal veita aptr ok gjalda jarðarspell eiganda ok landnám ofan á. Nú ef á rennr millum bæja manna eða bekkur, ok eru fiskar í, þá eigu hálfa hvárir, ef þeir eigu svá jörð til tveim megin; en ef á eða bekkur rennr rétt ok brýtr á hvárskis land, þá geri svá hvárr veiðivél af sínu landi sem gert hafði at fornu fari. Nú ef á brýtr af annars þeirra jörð, þá á sá á er jörð átti þá sem hon braut, en hinn granda eða eyri eptir þangat til sem hon var mið, meðan hon rann rétt at fornu. En ef hon brýtr meirr, þá á sá er jörð átti bæði á ok granda þangat til er hon var mið þá hon rann rétt. Engi skal fyrir öðrum veiði spilla eða banna þá sem hann hefir haft at fornu fari. Hvervitna er menn eigu fiskiá saman, þá á hvárr at veiða sem vill, meðan úskipt er ánni, ok draga váðir at hváru landi er þeir vilja, en eigi skal hann öðrum veita“.

Ákvæði þessi voru endurnýjuð með vatnalögum nr. 15/1923. Í 3. gr. þeirra laga segir: „1. Nú skilur á eða lækur landareignir, og á þá hvor land í miðjan farveg og sé ekki vöxtur í vatni, nema önnur lögmæt skipun sé þar á gerð. 2. Eigi breytast merki, þótt farvegur breytist.“ Hér eru með öðrum orðum hinar gömlu reglur látnar haldast. Samkvæmt 8. gr. sömu laga er manni, er mein verður af því, að á breytir farvegi sínum, rétt að fella hana aftur í hinn forna farveg, að fullnægðum vissum skilyrðum um bætur o. fl. Slíka breytingu má eigi framkvæma, þá er sama ástand hefur haldizt 20 ár eða lengur. Ákvæði 8. gr. laganna haggar hins vegar eigi við því ákvæði 2. gr., að merki breytast eigi, þótt farvegur breytist. Framangreint ákvæði Jónsbókar um veiði var tekið upp í 124. gr. laga nr. 15/1923 og síðar í lög um lax- og silungsveiði, sjá 6. gr laga nr. 61/1932, 6. gr. laga nr. 112/1941 og nú 6. gr. laga nr. 53/1957.

Það sést með öruggri vissu af landamerkjabréfinu frá 1890, að Vatnsdalsá hefur þá runnið í þremur kvíslum.

III.

Gagnáfrýjandinn Benedikt Blöndal hefur gefið aðilja-skýrslu í málinu, og aðiljar hafa leitt fjölda vitna og aflað

vottorða ýmissa manna, sem ekki hafa komið fyrir dóm. Verða nú aðiljaskýrsla, vætti og vottorð rakin.

Gagnáfrýjandi **Benedikt Bjarni Blöndal**, bóndi á Brúsastöðum, fæddur 1887, hefur gefið aðiljaskýrslu fyrir dómi hinn 21. september 1965. Er skýrslan svohljóðandi:

„Mætti segist hafa átt heima á Brúsastöðum, síðan hann var 7 ára, og búið þar sér síðan 1930.

Mætti telur og hefur alltaf talið, að Vatnsdalsá réði merkjum milli Hofs og Brúsastaða og landið að Vatnsdalsá hafi verið nytjað frá Brúsastöðum að öllu leyti. Aðspurður segir hann, að síki sé vestan við engjarnar, en austan við sé Brúsastaðasíkið.

Aðspurður segir hann, að Kríuhólminn sé beint norður af Brúsastaðahólmanum og þeir á Hofi hafi viljað telja sér hann. Hann telur, að sr. Hjörleifur hafi látið Böðvar Þorláksson hafa Kríuhólmann sem kúabeit, en séra Hjörleifur hafi ekki átt jörðina, heldur verið umboðsmaður hennar. Aðspurður segir mætti, að hann hafi aldrei gert kröfu til Kötlustaðahólma, af því hann telji, að áin eigi að ráða merkjum, þótt hún hafi brotið af landi hans þar á móti.

Aðspurður segir mætti, að Kríuhólminn nái suður að merkjum milli Snæringssstaða og Brúsastaða.“

Hinn 5. október 1965 gaf Benedikt eftirfarandi yfirlýsingu:

„Það vottast hérmeð, að fjölda mörg ár hér undanfarandi höfum við bændur á Brúsastöðum látið girða á vorin vegna kúabeitar í Brúsastaðahólmum.

Girðing þessi hefur alltaf verið tekin upp á haustin vegna hættu á skemmdum yfir veturinn. Hefur hún verið staðsett þvert yfir hólmana austan Brúsastaðasíkis, eins og merkjalína milli Snæringssstaða og Brúsastaða segir til um.“

Ágúst Böðvar Jónsson, fyrrverandi eigandi Hofs og bóndi þar, fæddur 1892, hefur hinn 14. júlí 1965 látið í té vottorð í málinu, svohljóðandi:

„1. Samkvæmt landamerkjaskrá fyrir Hof frá 1890 eru merki milli Brúsastaða og Hofs miðuð við vestustu kvísl

Vatnsdalsár, eins og hún rann þá og helzt síðan óbreytt í sama farvegi fram yfir 1920.

2. Svokallaðir „Kríuhólmar“ eru óumdeilanlega eign Hofs, enda rann vestasta kvísl Vatnsdalsár vestan við þá, þar til áðurnefnd farvegsbreyting varð á Vatnsdalsá.

3. Kríuhólmarnir hafa um langt skeið verið nytjaðir frá Hofi, meðal annars leigðir upprekstrarfélagi Grímstunguheiðar til hagbeitar fyrir stóðhross í sambandi við hrossaréttir.

4. Ádráttarveiði fyrir lax og silung í Vatnsdalsá, norðan þeirrar farvegsbreytingar, er lýst er undir tölulíð 1, hefur síðan verið nytjuð fá Hofi eftir landslögum, án þess að nokkru sinni væri borin fram krafa frá eigendum eða ábúendum Brúsastaða eða Snæringstaða um landshlut sökum veiðiréttar í Vatnsdalsá á fyrrnefndu veiðisvæði. Þessar fyrirtöldu upplýsingar um farveg Vatnsdalsár og þær breytingar, sem á honum hafa orðið síðan 1890, eru mér vel kunnugar og minnisstæðar, þar sem ég hefi átt heima á Hofi síðan 1896 og verið þar bóndi og eigandi um áratugi og þá notfært mér landsréttindi jarðarinnar samkvæmt fyrrnefndri landamerkjaskrá.

Hafa eigendur og ábúendur Brúsastaða aldrei borið fram kröfur um veiðiarð eða tekjur vegna afnota landspildu þessarar eða veiði austan við hinn fyrrnefnda farveg Vatnsdalsár, sem skirskotað er til í landamerkjaskrá frá 1890.“

Ágúst staðfesti á dómþingi 21. september 1965 vottorð þetta. Var þá til sýnis útdráttur úr skýrslu Ágústs, dags. 18. nóvember 1935, er hann hafði samið um mælingu á Vatnsdalsá. Þar segir m. a. svo:

„15. Hof. Meðfram Vatnsdalsá 2135 m. 2135 = 2,1.

Þar af 650 báðum megin og 600 m. $\frac{3}{4}$ hl. vatnsréttinda. Veiðifljót eru aðallega Stekkjarhylur og Réttarfljót, sem bæði eru góð. Sérstaklega Stekkjarfljót til stangveiði. Tilheyrir Hofi allt ... 26. Brúsastaðir. Land að Vatnsdalsá á 630 m. bili = 0,6.

Veiðimöguleikar í Ljótunnarmelsflj. og Kollóttumelsflj. móti Kötlust, Lítil veiði á móti Hofi.

Snæringsstaðir. Land að Vatnsdalsá á 453 m. bili að $\frac{1}{4}$ hl. árinna = 0,45.

Eins og áin fellur nú, er um ca. $\frac{1}{2}$ vatnsmagn hennar að jöfnu milli Hofs og Snæringsstaða, auk þess sem Hof á land báðum megin við austurkvíslina. Stangveiðimöguleikar dágóðir.“

Á dómþinginu er síðan bókað: „Vitnið lýsir því yfir, að það hafi samið það skjal sem ábyrgur aðili fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár, en ekki sem eigandi Hofs.

Aðspurt segir vitnið, að Kríuhólmarnir hafi verið notaðir til kúabeitar frá Hofi s.l. 20—25 ár.“

Í þinghaldi 1. nóvember 1965 á vettvangi bar Ágúst það, er nú segir: „Vitnið segir, að áin hafi runnið í beinu áframhaldi og þar um sem rafmagnsstaur er staðsettur og norður og vestur, og þar sló hún sér út, og þar var ágætt vað, um 100 m. sunnan við staðinn, þar sem bifreið vettvangsgöngumanna var staðsett, og skipti sér um það bil, þar sem bifreiðin er staðsett, og var vatnsmagn kvíslanna mjög svipað. Rann áin norður með Brúsastaðabakka og Snæringsstaðabakka, en hún rann norð-austur með Stekkjarmel. Þetta rennsli er miðað við fyrir 1920, en þá hafði áin breytt sér lítið um lengri tíma, eða eins og vitnið man, en 1920 kom stórflóð, og byrjaði þá breyting á farvegi árinna.

Aðspurt segir vitnið, að aldrei hafi verið beðið um leyfi frá Brúsastöðum um að beita á eyrarnar, en Brúsastaðamenn hafi beðið um leyfi til þess að mega girða yfir Kríuhólmann frá merkjagirðingu milli Brúsastaða og Snæringsstaða og í Vatnsdalsá.

Aðspurt segir vitnið, að kúm frá Brúsastöðum hafi verið beitt á eyrarnar, sem sífellt hafi færzt austar, og að Hofskýr hafi farið yfirleitt sjálfviljugar yfir ána í Kríuhólmann og ekki þurft að reka þær.“

Loks kom Ágúst fyrir dóm á vettvangi hinn 6. júní 1966. Var þá gerð svofelld bókun: „Vitnið fer með mælingarmanninum, og samkvæmt fyrirsögn vitnisins teiknar hann inn á kortið hugsaða miðlínu árinna, eins og vitnið man

hana fyrir 1920. Aðspurt segir vitnið, að aðalrennslisbreytingin hafi orðið um 1920 eftir mikil flóð, en það gerðist ekki allt á einu ári, en það ár varð úrslitabreytingin.“

Anna Agnarsdóttir, fædd 1907, hefur hinn 6. júní 1965 gefið svofellt vottorð:

„Ég... , sem dvaldi á Hofi í Vatnsdal frá 1912—1925, man glöggst eftir, að Vatnsdalsá var stöðugt að breyta farvegi sínum og nálgast alltaf meir og meir túnið. Ég man líka, að fóstri minn, Jón Jónsson, sem bjó þá á Hofi, hafði af þessu áhyggjur, þó ekkert væri að gert. Landamerki jarðanna stóðu þó óbreytt og miðuðust við vestasta árfarveginn. Eitt er mér minnisstætt í sambandi við hólma í ánni, sem tilheyra Hofslandi. Þar var stóðhrossa gætt, sem rétta skyldi í Vatnsdalsrétt, og hafði ég mjög gaman af að horfa á hrossin í hólmanum. Þau sáu vel frá bænum Hofi.“

Bjarni Guðmann Jónsson, bóndi á Eyjólfsstöðum, fæddur 1896, hefur hinn 20. september 1965 gefið svofellt vottorð:

„Fardagaárið 1922 var ég ábúandi á hálfri jörðinni Brúsastöðum í Áshreppi og notaði þar af leiðandi landsnytjar jarðarinnar að hálfu leyti. Meðal annars hafði ég afnot til slægna á svonefndum „Brúsastaðahólma“. Engjastykki þetta takmarkaðist austan af farvegi Vatnsdalsár, en að vestan af síki, sem af sumum var nefnt „Brúsastaðasíki“.

Á þessum árum rann fremur grunn kvísl af „Vatnsdalsá“ norður með Brúsastaðahólma, og takmarkaðist hún að austan af mjög lítið gróinni mjórri malareyri, en austan við þá eyri féll svo aðalkvísl „Vatnsdalsár“ norður með litlum hálfgrónum hólma, sem ég man ekki til, að ég heyrði nefndan neinu sérstöku nafni. Austan við þennan litla hólma var enn einn vatnsfarvegur, sem nefndur var í daglegu tali „Hofssíki“. Mjög lítill hluti af vatnsmagni Vatnsdalsár féll þó um þetta síki, ef eðlilegt vatnsmagn var í ánni, en í vorleysingum og haustríningum gat orðið mikið vatnsmagn í öllum þessum þremur kvíslum, enda fóru þá stundum eyrarnar alveg í kaf.

Að endingu skal það tekið fram, að á síðustu 40—50

árum hefur „Vatnsdalsá“ oft rótað mikið til farvegi sínum, og hefur hún því nokkrum sinnum breytt um aðalfarveg á svæðinu frá „Grjótárós“ og norður hjá Undirfellsrétt, t. d. er nú aðalfarvegur árinna á parti, þar sem áður var nefnt „Hofssíki“. Þá hefur áin á síðari árum brotið af austurbökkum sínum allmikla landspildu, svonefnda „Stekkjareyri“, sem var norðan við Hofstúnið. Á eyri þessari var nokkurt slægjuland, og einnig var þar fjárrétt, sem notuð var fram undir 1940. Eyri þessi er nú að mestu horfin, og ekkert sést eftir af réttinni.“

Vottorð þetta staðfesti Bjarni fyrir dómi 21. september 1965. Er þá einnig bókað: „Aðspurt segir vitnið, að það hafi flutt í Vatnsdal 1905 sem unglingur og hafi átt þar heima síðan, að undanteknum 7 árum, sem það átti heima í næstu sveit.“

Í yfirlýsingu, sem Bjarni gaf 16. október 1965 í tilefni af athugasemdum málsaðiljans Benedikts Blöndal, segir m. a. svo: „Ég... vann á Brúsastöðum mestan hluta ársins 1922—’23 — fardagaársins — þar á meðal hirti ég fé þeirra Brúsastaðabænda Benedikts og Kristjáns allan umræddan vetur ásamt mínum skepnum og hafði þá mjög góða aðstöðu til að kynnast örnefnum í landi jarðarinnar.“

Í öðru lagi skal á það bent, að ég hef átt heima hér í Áshreppi síðan haustið 1905, að undanskildum 7 árum, sem ég átti heima í næstu sveit, tel ég mig oft og tíðum hafa haft að mörgu leyti góða aðstöðu til að kynnast örnefnum hér í sveitinni bæði á Brúsastöðum og annars staðar.“

Vætti Bjarna fyrir dómi á vettvangi 1. nóvember 1965 hljóðar svo: „Vitnið segir, að það hafi haft góðan kunnugleika á ánni, m. a. haft með höndum umsjón með vegum hér í hreppi, en aðalheimflutningsleiðin að Hofi hafi verið frá Undirfellsrétt og um vað á Vatnsdalsá fyrir neðan Hof, þangað til vegasamband komst á að austanverðu um 1932.“

Vitnið segir, að rafmagnsstaur hér á eyrinni sé því sem næst, þar sem miðlína aðaláls árinna var á þessum árum, þ. e. 1922 og 1923. Hafi áin svo runnið norður og skipt sér því sem næst, þar sem bifreiðin er staðsett nú, þó ef til

vill aðeins sunnar, en áður en hún skipti sér, breiddi hún mjög úr sér, og þar var ágætt vað. Hafi áin runnið í tveimur kvíslum til vesturs og til austurs. Hafi austari kvíslin runnið að Stekkjarmel, þó ekki alveg syðst að honum, og rann nokkuð frá Stekkjarmel, því að góðar fjárgötur lágu meðfram melnum. Kvíslin rann svo áfram með Setukoneyri og út. Vestari kvíslin rann að Snæringssstaðabakka, en vitnið tekur fram, að eins og það tók fram í vottorði sínu, hafi runnið eftir vestasta farvegi, sem það kallar svo, lítið vatn, en þó rennsli, og man vitnið, að það kom í vestari kvíslina á svipuðum stað og vegarskarð var í bakkanum frá Snæringstöðum vegna vegar heim að Hofi. Þetta rennsli og rennsli úr merkjaskurði, sem þá var lækur, milli Brúsastaða og Snæringssstaða, olli hvarfmyndun í veginn yfir kvíslina, og lét vitnið gera við það a. m. k. tvisvar sinnum með því að setja í hvarfið grjót og mól. Vitnið segir, að áin renni með Kollóttamel og vatnið í vestasta farvegi, sem vitnið kallar svo, hafi síazt út með melnum, um leið og hún beygir austur. Aðspurt segir vitnið, að það viti ekki um nytjar þessara eyra, sunnan Kriuhólma, en þegar það var á Brúsastöðum og hafði nytjar þar, þá var ekkert nytjað af þessum eyrum, m. a. vegna þess, að það var ekkert að nytja, grónar eyrar voru ekki til sem neinu nam. Vitnið tekur fram, að allt sé miðað við eðlilegt vatns-magn í ánni. Vitnið segir, að breytingar á farvegi árinna hafi skeð smátt og smátt, en þó muni það eftir stórbreytingu árin 1920 og 1934, og þó líklega mestum breytingum árið 1934.“ Loks kom vitnið fyrir dóm 6. júní 1966. Er þá bókað: „Vitnið fer með mælingarmanninum, og samkvæmt fyrirsögn vitnisins teiknar hann inn hugsaða miðlínu árinna, eins og hún var frá 1918—'19 til 1923. Aðspurt segir vitnið, að áin hafi ekki fallið alveg að stekknunum. Hafi verið nokkur spölur frá stekknunum fram í á, eða Stekkjareyri, talinn 30 hesta slægja“.

Björn Kristjánsson, sem er sonur gagnáfrýjandans Kristjáns Sigurðssonar, hefur hinn 12. nóvember 1965 gefið svoljóðandi vottorð:

„Ég . . . , sem er fæddur á Brúsastöðum í Vatnsdal árið 1916, ólst þar upp og átti þar heima allt til ársins 1940, komst ekki hjá að veita athygli rennsli Vatnsdalsár fyrir Brúsastaðalandi um nokkurt árabíl.

Við athugun nú virðist mér nokkrar breytingar hafi orðið á ánni. Greinilegastar, þar sem hún hefur brotið niður bakka og færzt til hliðar, en það hefur hún gert báðum megin. Ögreinilegra er, þar sem hún hefur kannske hnikað til farvegi á eyrum, sem algengt mun vera um straumvötn.

Á því tímabili, sem ég átti heima á Brúsastöðum og man eftir, var land vestan Vatnsdalsár ekki nytjað frá Hofi, heldur eingöngu frá Brúsastöðum“.

Daníel Davíðsson, fæddur 1872, hefur hinn 25. september 1965 gefið svofellt vottorð í málinu:

„Ég . . . **Daníel Davíðsson**, fyrrv. bóndi á Syðri Ey í Vindhælishreppi, veiti hérmeð syni mínum, Magnúsi hreppstjóra í Vindhælishreppi, til heimilis á Syðri Ey, leyfi til að undirrita nafn mitt undir eftirfarandi yfirlýsingu um rennsli Vatnsdalsár um eyrarnar milli Hofs, Brúsastaða og Snæringsstaða árið 1886, en það ár var ég fermdur í Undirfellskirkju af sr. Hjörleifi Einarssyni prófasti.

Þar sem ég þurfti oft að riða yfir Vatnsdalsá þetta ár og síðar, er ég átti heima á Hofi, man ég vel, að aðalrennsli Vatnsdalsár var norður fyrrnefndar eyrar vestarlega eftir þeim.

Þá var ekki neitt verulegt rennsli Vatnsdalsár í Hofssíki, sem þá var meðfram túninu á Hofi og notað sem vatnsból fyrir Hofskýr í færur veðri á vetrum. Aðeins í stórflóðum rann nokkuð af vatnsmagni Vatnsdalsár í þennan farveg, en aðalvatnsmagið í farveginn norður með Brúsastaðahólma að austan.

Ég heyrði alltaf talað um, að Brúsastaðahólmi væri landið vestan við aðalfarveg Vatnsdalsár“.

Sigursteinn Guðmundsson héraðslæknir hefur hinn 25. september 1965 vottað, að **Daníel** „er enn, þrátt fyrir háan aldur, andlega heilbrigður“.

Eggert Konráðsson, Kistu, fæddur 1920, hefur hinn 11. nóvember 1965 gefið svohljóðandi vottorð:

„Ég . . . , sem átti heima í Vatnsdal á árunum 1940 til 1952, var þess vegna allkunnugur við Vatnsdalsá milli jarðanna Hofs og Brúsastaða og hef farið þarna um á hverju ári síðan. Það má vera, að áin hafi eitthvað brotið úr bökkum sínum á þessum svæðum og ef til vill breytt vatnsmagni í kvislum sitt hvorum megin við Hofshólma, en að öðru leyti get ég ekki séð, að nokkrar verulegar breytingar hafi þar á orðið þann tíma, sem ég man eftir.

Þess skal sérstaklega getið, að Brúsastaðamenn hafa ávallt nytjað landið austur að ánni, en Hofsmenn hins vegar ekki, svo ég viti til“.

Geir Kristjánsson Gígja náttúrufræðingur, fæddur 1898, hefur hinn 7. febrúar 1966 gefið vottorð. Honum virðist Vatnsdalsá á ljósmynd, sem tekin var 1937—'8, „renna að öllu verulegu leyti, eins og hún rann, þegar ég var í Vatnsdalnum, á Hofi og víðar, á árunum 1918—1923.

Ég hef auk þess athugað loftmynd af Vatnsdalsá og umhverfi hennar milli Hofs og Brúsastaða, og leiðir sú athugun til sömu niðurstöðu“.

Geir kom fyrir bæjarþing Reykjavíkur hinn 26. maí 1966. Er framburður hans m. a. svohljóðandi:

„Vitnið kveðst fætt í Vatnsdal og heimilisfast þar að miklu leyti fram til 1923. Vitnið kveður heimili sitt hafa verið að Marðarnúpi í Vatnsdal. Hafi það þó verið á fleiri bæjum þar í dalnum, þ. á. m. Hofi og Brúsastöðum.

Vitnið kveðst síðast sumarið 1923 hafa komið svo að Vatnsdalsá, að það gæti gert sér grein fyrir aðstæðum við ána“. Lesið er upp fyrir vitninu nefnt vottorð, „og telur vitnið þetta sannleikanum samkvæmt, enda hafi það í æsku verið sérstaklega kunnugt aðstæðum þar við ána sökum náttúrufræðiahuga síns. Vitnið kveðst hafa gengið þarna um eyrarnar og safnað jurtum og slíku. Vitnið lýsir staðhátum við ána, jafnframt því sem það skoðar myndirnar og kannast vel við þetta.

Hafi vitnið á yngri árum sinnt ýmsum störfum á þessum bæjum og nágrenni þeirra, sumar og vetur að Hofi, en vor og sumur að Brúsastöðum. Vitnið kveður ána hafa runnið þarna í boga og verið mjög straumharða, þ. e. boga þann, sem var í grennd við Stekkjarbrotið. Stekkjarbrot þetta telur vitnið hafa verið stutt frá ánni og minnst þess greinilega, að það hafi skorið sig úr sléttu umhverfinu.

Vitnið kveður gróður hafa verið nokkurn á eyrarflæmi því, sem sést á mynd á dskj. nr. 1, en ekkert nálægt slægju. Vitnið segir gróður sem þennan eigi geta komið á einu sumri, heldur þurfi lengri tíma til. Yfir eyrar þessar hafi áin flætt á vorin, eða a. m. k. mestan hluta þeirra, en ella ekki.

Vitnið fullyrðir, að á þeim tíma, er það man bezt, hafi áin alls ekki runnið á þeim stað, sem markað er fyrir sem kröfulínu aðaláfrýjanda á korti því, sem sýnt er í réttinum, eða yfir eyrina vestan árinna. Vitnið kveðst álíta, að áin hafi fyrr farið aðra leið, þ. e. þar sem pollar séu vestur við Brúsastaðaengjar.“ Í yfirlýsingu, dags. 7. október 1966, kvaðst vitnið reisa þessa skoðun sína á því, „að landið er þar heldur lægra vestan við eyrina heldur en eyrin sjálf, þar sem markað er fyrir kröfulínu aðaláfrýjanda á korti því, sem sýnt var í réttinum.“

Grímur Gíslason oddviti, Saurbæ, fæddur 1912, hefur gefið 4 vottorð í málinu. Hann gaf upphaflega hinn 5. júlí 1964 útskrift úr gjörðabók Áshrepps um hagagjald til Ágústs B. Jónssonar á Hofi fyrir stóðrekstur nokkur ár. Staðfesti hann vottorð þetta einnig hinn 21. september 1965. Því næst gaf hann hinn 31. október 1965 tvö vottorð. Ann-að vottorðið hljóðar svo:

„Samkvæmt beiðni hef ég farið yfir gjörðabækur hreppsnefndar Áshrepps til þess að sjá, hverjum hefur verið greitt fyrir haga stóðhrossa vegna réttarskila. Öll árin 1927—1950 hefur Ágúst B. Jónsson, bóndi á Hofi, tekið við umræddri greiðslu, að árinu 1936 undanskildu, en það ár ber gjörðabókin ekki með sér, að greiðsla fyrir haga stóðhrossa hafi átt sér stað.

Fram skal tekið, að gjörðabækurnar bera ekki með sér, að öðrum en Ágúst hafi verið greitt fyrir haga stóðhrossa í umræddu sambandi framangreint tímabil“.

Hitt vottorð Grims er svohljóðandi:

„Á þeim árum, sem heiðastóð var vaktað í Kriuhólma, minnst ég þess, að er næturvökum var lokið, var stóðið látið dreifa sér suður um hólmana til beitar, allt suður á móti Hofsbænum. Þótti þá sem nú nauðsynlegt að láta hrossin bíta, áður en þau eru rekin í rétt“.

Grimur kom fyrir dóm á vettvangi hinn 1. nóvember 1965 og staðfesti þau tvö vottorð, sem hann gaf út 31. október 1965.

Loks hefur Grímur oddviti hinn 17. október 1965 gefið eftirfarandi yfirlýsingu í málinu:

„Samkvæmt beiðni lýsi ég því yfir, að eftir því sem ég man bezt, hefur ekki verið rennsli úr Vatnsdalsá vestur með Brúsastaðaengjum nú um alllangt árabil, en áður minnir mig, að örlítið rynni vestur yfir eyrina rétt sunnan við gamla vaðið, sem var sunnan og neðan við Hof.“

Það skal fram tekið, að helzt átti ég leið þarna um að haustinu um réttaleytið, en nú er að mestu hætt að fara þá leið að og frá Undirfellsrétt“.

Guðjón Hallgrímsson, fyrrverandi bóndi að Marðarnúpi, fæddur 1890, hefur hinn 16. marz 1965 gefið svofellt vottorð:

„Ég ... votta hér með, að frá því ég man fyrst eftir, hefur upprekstrarfélag Ás- og Svinavatnshreppa keypt haga handa stóði, er rekið hefur verið til Undirfellsréttar, af búendum Hofs, er hafa lánað svokallaðan Kriuhólma til geymslu á stóðinu nóttina fyrir síðari Undirfellsrétt. Kriuhólminn náði þá fram á móti Hofstúni norðanvert.“

Guðjón kom fyrir dóm 21. september 1965 og staðfesti vottorðið.

„Aðspurt segir vitnið, að Snæningsstaðir hafi verið hjáleiga frá Undirfelli frá ómunatið og þar til Undirfell var selt nokkru eftir 1920.“

Guðmundur Jónasson bóndi, Ási, fæddur 1905, hefur ver-

ið formaður veiðifélags Vatnsdalsár undanfarin 18 ár. Lýsir hann því í vottorði 5. október 1965, að Brúsastaðabændur hafi hvað eftir annað kvartað undan því, að þeir hefðu of litlar veiðitekjur af ánni. Hann hefur einnig gefið vottorð í málinu 1. nóvember 1965. Segir þar m. a.: „Ég vil jafnframt að gefnu tilefni taka fram, að ég er að sjálfsögðu vel kunnugur á þeim slóðum, sem málið fjallar um, og hef oft (og þ. á. m. nýverið) átt þar leið um, og auk þess hef ég fyrir mér, nú er ég skrifa þetta, uppdrátt Ragnars Árnasonar verkfræðings („Hluti af Vatnsdal“), dags. sept. 1965, og tel mig því geta áttað mig á staðháttum og borið vitni sem á vettvangi væri. Vil ég samkvæmt þessu skýra frá eftirfarandi:

Hólmann frá Vatnsdalsá og vestur að gömlum farvegi austan Brúsastaðaengis hef ég alltaf heyrt nefndan Brúsastaðahólma, og skal til glöggvunar tekið fram, að dómslína héraðsdómsins samkvæmt uppdrættinum liggur langs eftir þessum hólma. Farveginn hef ég sömuleiðis alltaf heyrt kallaðan Brúsastaðasíki. Hefur Vatnsdalsá ekki runnið eftir farvegi þessum (Brúsastaðasíki), svo lengi sem ég man til, né heldur kvísl úr henni nema í stórflóðum og vatnavöxtum, enda flæðir hún þá meira og minna yfir hólmana og flatlendið í Vatnsdal yfirleitt. — Mér vitanlega hefur engin sérstök breyting orðið á rennsli árinna, hvað þetta snertir, svo lengi sem ég man eftir, enda hef ég og ávallt heyrt talað um, að áin sjálf ráði merkjum milli hlutaðeigandi jarða, Hofs og Brúsastaða.

Ég er fæddur 3. júní 1905 og kom misserisgamall í Vatnsdal og hef átt þar heima síðan, ólst upp í Hvammi, en búíð á Ási frá 1940. Þar í milli var ég á ýmsum stöðum í dalnum, þar á meðal bæði á Hofi og Brúsastöðum . . .“

Guðmundur kom fyrir dóm á vettvangi 6. júní 1966. Staðfesti hann þá framangreint vottorð og bar eftirfarandi:

„Aðspurt af umboðsmanni eiganda Hofs, hvort það hafi séð kýr frá Hofi á beit á eyrum þeim, sem bifreiðin er nú á, segir vitnið, að það muni ekki eftir því að hafa séð þær í

hólma þeim, sem við nú erum í, Brúsastaðahólmanum, en hafi oft séð þær í Kriuhólmanum.

Spurning umboðsmanns eigenda Brúsastaða:

„Hvenær man vitnið fyrst eftir rennsli Vatnsdalsár hér á þessum slóðum? Svar: Ég man glöggst eftir því vorið og sumarið 1928. Bíslóðin var rétt vestan við, þar sem billinn er nú eða um það bil sem hann er og beina leið suður að brotinu og yfir brotið upp í Kötlustaðahólma og þaðan yfir síkið og að heimreiðinni að Hofi, og eftir því sem ég man bezt, var brotið eilítið ofar en nú, en þar sem brotið var, stefndi áin til norðausturs og rann í stefnu á Hofstún og rann svo vestan við Bæjareyri, ekki langt frá því sem vestari kvíslin er nú, síðan stefndi hún út og austur aftur norðan við Bæjareyrina og var þá byrjuð að brjóta dálítið um girðingu norðan við Hofstún, en sú girðing var skammt fyrir sunnan og austan við Hofsstekk, og síðan þetta var, hefur hún brotið Stekkjareyrina, en að öðru leyti man ég ekki eftir öðrum breytingum þangað út.“

Vitnið segir, að mjög djúpt hafi verið rétt við Stekkjareyrina og þar hafi því tekizt að koma hesti á sund ásamt Hallgrími Kristjánssyni, nú að Kringlu.

Vitnið segir, að þegar það hafi verið smástrákur 12—13 ára, hafi það verið sent frá Hvammi og að Hofi og hafi það hjálpað til þess að reka inn og hafi þá verið smárönd frá stekknunum að ánni.

Vitnið segir, að áður hafi áin runnið austar en nú á móts við Stekkjarmel og meira vatn verið í kvíslinni, sem rennur við Stekkjarmel.

Vitnið fór nú ásamt tilkvöddum mælingarmanni, Bárði Danielssyni verkfræðingi, til þess að lita á ána og segja til um farveg hennar, og leggur verkfræðingurinn fram kort með innteiknuðum árfarvegi samkvæmt framburði vitnisins, og staðfestir vitnið, að þessi merking inn á kortið sé eftir því sem það bezt viti. „Man vitnið frá eldri tíma en 1928 eftir farvegi langs niður eftir eyrunum?“ Spurning umboðsmanns eigenda Brúsastaða. „Ég man hvorki eftir neinum langs farvegi né eftir ánni fyrir 1928“.

Hallgrímur Guðjónsson, bóndi í Hvammi, fæddur 1919, hefur ásamt Reyni Steingrímssyni, bónda í Hvammi, gefið hinn 20. október 1965 svohljóðandi vottorð:

„Við . . . , vottum hérmeð samkvæmt beiðni Gísla Páls-sonar, bónda á Hofi, að Vatnsdalsá rennur nú í þremur kvíslum fyrir vestan túnið á Hofi.

Vestasta kvíslin rennur eftir gamla farveginum austan Brúsastaðaengja (hólma) og vestan við Kriuhólmana.

Það skal tekið fram, að votviðrasamt hefur verið að undanfögnu og áin í nokkrum vexti.“

Hallgrímur staðfesti vottorð þetta fyrir dómi á vettvangi hinn 1. nóvember 1965. Hann bar þá enn fremur svolátandi:

„Aðspurt, hvort eyrarnar, þar sem bifreiðin er staðsett, hafi verið notaðar til beitar frá Hofi, segir vitnið svo vera og það hafi alltaf heyrzt, að þær hafi verið í Hofslandi, enda viti það ekki til þess, að því hafi verið mótmælt. Lögmaður gagnáfrýjanda spyr vitnið, hvar kýrnar hafi verið reknar yfir, og svarar vitnið því, að það hafi ekki séð, hvort þær hafi verið reknar yfir.“

Hallgrímur Sveinn Kristjánsson, bóndi í Kringlu, fæddur 1901, gaf hinn 14. júní 1964 svolátandi vottorð: „Að gefnu tilefni í sambandi við landamerki jarðanna Hofa annars vegar og Brúsastaða og Snæringssstaða hins vegar er mér ljúft að geta eftirfarandi:

1. Ég kom að Hofi árið 1901 og var þar heimilisfastur í full 30 ár.

2. Fyrst, þegar ég man eftir mér, rann aðalvatnsmagn Vatnsdalsár vestan við Eyrar, Syðri- og Ytri-Kriuhólma. Er það mjög nálægt því sem vestasti farvegur er nú. Síðan braut áin sér nýjan farveg austar.

3. Það var aldrei talinn efi á, að landamerki jarðanna væru um vestasta farveg, og eyrarnar og hólmanir báðir tilheyrðu Hofi, enda nýttjuð af Hofsbónda, eftir því sem föng voru á, m. a. lánaðir upprekstrarfél. haust hvert vegna vöktunar á stóði um hrossaréttir og tekin greiðsla fyrir.

4. Brúsastaðahólmar eru bakkarnir vestan Vatnsdalsár,

vestan vestustu kvíslar. Voru þeir notaðir nokkuð til slæгна, og mun svo gert enn.“

Hallgrímur kom fyrir dóm hinn 21. september 1965 og staðfesti framangreint vottorð. Er þá bókaður svofelldur framburður vitnisins:

„Aðspurt, hvers vegna vitnið notaði orðið Brúsastaðahólmar, segir það vera vegna þess, að þar séu slakkar, sem maður gæti búizt við, að væru gamlir árfarvegir og því kallaðir hólmar.

Aðspurt, hvar Brúsastaðasíkið sé, telur vitnið það vera norðan til á engjunum og liggur út í gamla farveginn. Framburðurinn tekinn gildur sem staðfestur.“

Enn kom vitnið fyrir dóm á vettvangi hinn 1. nóvember 1965. Vætti þess þá hljóðar svo: „Vitnið segir, að áin hafi runnið því sem næst um rafmagnsstaur og norður, þar sem nú eru eyrar, og skipt sér aðeins austar en bifreiðin er staðsett nú. Hafi önnur kvíslin runnið norður með Stekkjarmel, en hin vestari út og vestur að bakka, því sem næst í stefnu á Snælingsstaðabæ. Er þá miðað við bifreiðina, þ. e. frá henni séð.

Aðspurt segir vitnið, að eyrarnar austan við „farveg“ hafi ekki verið nytjaðar frá Brúsastöðum, svo það viti til, en hins vegar frá Hofi. Aðspurt segir vitnið, að það hafi alizt upp á Hofi í skjóli foreldra Ágústs á Hofi og hafi foreldrar hans verið þar lítið, en hann sé óskildur Hofsfólkinu.

Aðspurt segir vitnið, að það muni ekki annað en að áin hafi breytt sér smátt og smátt, en þó muni það eftir stórbreytingu eftir vetrarflóð, en man þó ekki nánar, hvenær það flóð var.“

Loks kom vitnið fyrir dóm á vettvangi 6. júní 1966. Var þá gerð eftirfarandi bókun: „Vitnið fer með mælingarmanninn, og samkvæmt fyrirsögn vitnisins teiknar mælingarmaðurinn inn á kort. Vitnið lýsir því yfir, að inn á kortið sé teiknuð hugsuð miðlina árinna, eins og það man hana fyrst án þess að tiltaka ártal. Vitnið man ekki, hvenær áin fór að brjóta af austurbakkanum.“

Hannes Pálsson, stjórnarráðsfulltrúi í Reykjavík, fæddur 1898, hefur hinn 4. október 1965 gefið eftirfarandi vottorð:

„Ég... átti heima á Undirfelli í Vatnsdal frá 1924—1944 og reyndar nokkuð lengur öðrum þræði. Er ég þess vegna vel kunnugur við Vatnsdalsá á þeim svæðum, sem jarðirnar Hof og Brúsastaðir deila nú um landamerki, og get að gefnu tilefni vottað eftirfarandi:

Brúsastaðasíki var jafnan kallað rás eða farvegur vestan Brúsastaðahólma en austan Brúsastaðaengja. Land þetta eða hólmi austur að Vatnsdalsá (Brúsastaðahólmi) var nytjaður af Brúsastaðamönnum, en aldrei af Hofsmönnum, enda vissi ég ekki til annars en land þetta væri talið tilheyra Brúsastöðum. Aldrei hef ég heyrt því haldið fram, að Brúsastaðasíki væri landamerki milli þessara jarða. Að því er snertir vöktun heiðastóðs nóttina fyrir stóðréttina, skal sérstaklega tekið fram, að hún fór aldrei fram í Brúsastaðalandi, enda var þess gætt, að stóðið færi ekki suður í Brúsastaðahólma.“

Hinn 6. október 1965 kom Hannes fyrir dóm í Reykjavík, staðfesti vottorðið og bar eftirfarandi viðbótarvætti:

„Hann kveður eftirfarandi vera Brúsastaðasíki: Beint áframhald af árfarveginum vestan Kríuhólma, suður og austur með graslendinu, sem nytjað var sem engi frá Brúsastöðum. Stundum mun graslendið vestan síkisins hafa verið kallað Hólmi, en í daglegu tali var svæðið á milli síkisins og Vatnsdalsár kallað Brúsastaðahólmi.

Aðspurt kveður vitnið, að í leysingum hafi kvíslar Vatnsdalsár stundum runnið eftir sikinu.“

Enn hefur Hannes hinn 14. nóvember 1965 gefið eftirfarandi yfirlýsingu í málinu:

„Ég... vil hérmeð að gefnu tilefni taka fram, að í vitnaleiðslum í bæjarþinginu hér fyrir skömmu út af landamerkjamáli Hofs og Brúsastaða var til staðar stór uppdráttur („Hluti af Vatnsdal“) af deilusvæðunum við Vatnsdalsá og sömleiðis loftmynd. Þegar ég mætti fyrir dómaranum, hafði ég gögn þessi fyrir mér og gat þess vegna áttað mig á staðháttum öllum og aðstæðum, enda kunnugur

á þessum slóðum, frá því ég átti heima í dalnum frá 1924—1944.

Ég vil enn fremur taka fram, að við nákvæma athugun loftmyndarinnar tel ég mig muna, að rennsli árinna samkvæmt myndinni muni vera nokkurn veginn óbreytt frá því síðustu árin, er ég dvaldi í Vatnsdal, nema ef árrennslið sitt hvorum megin við hólmann niður af Hofstúni kann að hafa breytzt eitthvað, þannig að vatnsmagnið hafi flutzt nokkuð til.“

Haraldur Jakobsson, Kornsa, fæddur 1898, gaf hinn 27. september 1965 svofellt vottorð:

„Ég . . . , sem átt hefi heima í nágrenni Brúsastaða í fjölda mörg ár og var um eitt skeið heimilismaður þar, vil hér með votta, að dragið neðan við Bөрðin er aðeins ómerkileg lægð, botninn víðast grasi gróinn og sleginn að sumrinu. Þar er aðeins forarpollur á stöku stað nema í úrfellatið haust og vor. Hið raunverulega Brúsastaðasíki er austan engjanna. Í því er töluvert vatn allt árið. Þó er það ekki tengt ánni, nema þegar hún er í vexti. Viðvíkjandi hólmunum austan Brúsastaðasíkisins, þá hef ég aldrei heyrt annað en að þeir tilheyrðu Brúsastöðum, enda alla tíð notaðir eingöngu þaðan.“

Þá hefur Haraldur einnig hinn 9. nóvember 1965 vottað þannig:

„Ég undirritaður, sem var heimilismaður á Ási og Brúsastöðum á árunum 1940—’43 og þar af leiðandi gagnkunnugur Vatnsdalsá og rennsli hennar austan Brúsastaðahólma gegnt Hofi, hef nú eftir beiðni athugað rennsli árinna og get ekki séð, að um neina verulega breytingu sé að ræða, nema ef vera kynni, að sé meiri vatnspungi austan Hofshólma en áður var. Þess má og geta, að Brúsastaðahólmar hafa aldrei verið beittir nema frá Brúsastöðum.“

Hjalti Þorvarðsson verlunarmaður, fæddur 1916, hefur hinn 2. október 1965 gefið svofellt vottorð:

„Ég . . . , sem dvaldist sem vinnumaður á Hofi á árunum 1936—1946 leyfi mér að taka eftirfarandi fram:

1. Öll þau ár, er ég var á Hofi, léði húsbóndi minn, Ágúst

B. Jónsson, Upprekstrarfélagi Ás- og Sveinsstaðahreppa land gegn gjaldi fyrir stóðhross, frá því þau komu til réttar, þar til þau voru rekin inn daginn eftir.

Land það, sem hér um ræðir, voru Kríuhólmar Ytri og Syðri.

Að kvöldinu voru hrossin látin dreifa sér í Ytri-Kríuhólma, og er mér minnstætt sem gangnamanni, að við gættum þeirra þar til kl. 8 að kvöldi, er vökumenn tóku við.

Morguninn eftir með birtu voru hrossin látin fara suður í Syðri-Kríuhólma, eða fram á móti túninu á Hofi. Voru þau látin bíta þar, þar til farið var að skilja þau sundur.

2. Aldrei heyrði ég efast um eignarrétt Hofs yfir Kríuhólmunum, enda mér vitanlega aldrei gerð nein athugasemd við þau landsnot, er að framan greinir, af hálfu Brúsa- staðabænda.“

Vitnið kom fyrir dóm á vettvangi hinn 1. nóvember 1965 og staðfesti vottorð sitt. Þá bar það svofellt viðbótarvætti:

„Aðspurt, hver hafi samið vottorðið, segir vitnið, að Gísli Pálsson hafi skrifað þetta eftir sér.

Vitnið segir til frekari skýringar, að hrossin hafi dreift sér suður Kríuhólma syðri og suður eyrarnar fyrir neðan Hof. Að sínum skilningi segir vitnið, að Syðri-Kríuhólmi hafi náð því sem næst suður undir það, sem bifreiðin er staðsett nú, en hún hefur verið merkt inn á kortið af Einari Evensen byggingarfulltrúa, Blönduósi, og sú merking er samþykkt af umboðsmönnum aðilja, eða við ágizkun svona ca. 100 m. norðan við bifreiðina í stefnu eftir línu héraðs-dómsins.“

Hólmfríður Steinunn Jónsdóttir, húsfreyja á Undirfelli, fædd 1903, hefur hinn 20. október 1965 gefið svofellt vottorð:

„Ég . . . , sem fluttist með foreldrum mínum að Undirfelli vorið 1907 og hef dvalizt þar síðan, að þremur vetrum undanskildum, votta eftirfarandi: Sem barn að aldri var ég kúasmali hjá foreldrum mínum, og gengu kýrnar mikið til beitar á hinum svokallaða Ytri-Kríuhólma, og

voru þær látnar óáreittar þar bæði af Hofsbændum og öðrum, en færur þær suður á svokallaðan Brúsastaðahólma, var talið, að þær væru komnar í Brúsastaðaland, og hef ég aldrei heyrt, að Hof eigi neitt land milli Brúsastaðasíkis og Vatnsdalsár.

Á undanförnum árum hafa Brúsastaðabændur nytjað einir, og eftir því sem ég bezt veit, átölulaust af Hofsbændum hinn fyrrnefnda Brúsastaðahólma og girt þvert yfir hann austur í Vatnsdalsá í beinu áframhaldi af merkjagirðingu milli Brúsastaða og Snæringssstaða, og það einnig átölulaust af Hofsbændum, eftir því sem ég bezt veit. Enn fremur get ég vottað, að aðalvatnsmagn Vatnsdalsár hefur runnið, síðan ég man fyrst eftir mér, vestan við lítinn hólma, mig minnir svokallaða Bæjareyri, neðan við túnið á Hofi.“

Hólmfríður staðfesti vottorðið á dómþingi á vettvangi 1. nóvember 1965 og bar þá jafnframt eftirfarandi viðbótarvætti:

„Vitnið segir þar um aðspurt, að það hafi gengið á vettvang, áður en það skrifaði vottorð sitt. Aðspurt um, hvað vitnið eigi við mörg ár, er það segir „undanförnum árum“ um not Brúsastaðabænda af „Brúsastaðahólma“, þá segir vitnið, að það eigi við nokkuð mörg ár, en getur ekki tiltekið neinn ákveðinn árafjölda.

Vitnið segir, að áin hafi brotið töluvert til austurs á móti Hofstúni og út og færzt öll til austurs, síðan það man fyrst eftir. Þó telur vitnið mjög litlar breytingar syðst.“

Indriði Guðmundsson, fæddur 1885, hefur hinn 9. júlí 1964 gefið svohljóðandi vottorð:

„Það vottast hér með samkvæmt beiðni, að haust hvert á því tímabili, er undirritaður var oddviti Áshrepps, var samið við Ágúst B. Jónsson, bónda á Hofi, um haga fyrir stóðhross, frá því þau komu úr göngum, þar til þau voru réttuð daginn eftir. Fram til ársins 1950 a. m. k. var sá háttur hafður á, að hrossin voru vöktuð yfir nóttina í svokölluðum Kriuhólma, en að morgni látin dreifast suður hólmana fram á móti húsinu á Hofi. Það skal einnig tekið fram, að bændurnir á Brúsastöðum, Snæringstöðum og

Undirfelli gerðu engar kröfur til hagagjalds. En það var hins vegar greitt til Ágústs á Hofi, eins og sjá má í gjörðabókum Áshrepps frá þessu tímabili.“

Ingólfur Konráðsson, Kistu, fæddur 1914, hefur hinn 11. nóvember 1965 gefið svofellt vottorð:

„Ég..., sem á heima í Vöglum og bjó þar á árunum 1931—1957 og er þess vegna allkunnugur við Vatnsdalsá milli jarðann Hofs og Brúsastaða, hef nú samkvæmt beiðni athugað og rifjað upp, hvernig áin rann áður og hvort eða hvaða breytingar hafa þar á orðið.

Það má vera, að áin hafi brotið úr bökkum sínum á þessum svæðum og ef til vill breytt vatnsmagni í kvíslum sitt hvorum megin við Hofshólmann, en að öðru leyti get ég ekki séð, að nokkrar verulegar breytingar hafi þar á orðið þann tíma, sem ég man eftir.

Þess skal sérstaklega getið, að Brúsastaðamenn hafa ávallt nýttjað landið austur að ánni, en Hofsmenn hins vegar ekki, svo að ég viti til.“

Ingvar Andrés Steingrímsson, bóndi á Eyjólfsstöðum, fæddur 1922, gaf hinn 3. október 1965 svohljóðandi vottorð:

„Þegar ég var 15 eða 16 ára, var ég lánaður af föður mínum til þess að slá einn dag fyrir Kristján Sigurðsson kennara, sem þá bjó á Brúsastöðum.

Hafði ég orð á því, að mér þættu slægjur rýrar.

Þá segir Margrét, kona Kristjáns, „já, þetta er ekki loðið, en mér finnst heyið alltaf drýgst af Hólmunum.“

Takmarkaðist þetta engjastykki af síkinu neðan við börðin og vestustu kvísl Vatnsdalsár, sem þá var vatnslítill.“

Ingvar kom fyrir vettvangsdóm hinn 1. nóvember 1965 og staðfesti vottorðið. Bar hann þá sem vitni til viðbótar eftirfarandi:

„Vitninu er sýndur uppdráttur á þingskjali nr. 29. Um-ræddur teigur var vestan við „farveg“, sem vitnið kallar kvísl, og gefur þá skýringu á því nafni, að þar sé oftast vatn, þótt ekki sé rennsli á því nema í vatnavöxtum.

Aðspurt af lögmanni aðaláfrýjanda, hvort eyrarnar, þar

sem bifreiðin er staðsett, og hólmanir þar norður eftir hafi verið nytjaðir frá Hofi, þá segir vitnið, að það hafi verið gert til kúabeitar fram um 1960 og a. m. k. í búskapartíð Gísla Pálssonar.

Aðspurt af lögmanni gagnáfrýjenda, hvort kýrnar hafi rölt yfir ána eða verið reknar, þá segir vitnið, að um hvorugt geti það borið.“

Jón Hannesson, verkstjóri á Blönduósi, fæddur 1927, kom fyrir dóm 21. september 1965. Hann kveðst hafa dvalizt á Undirfelli fram til 1950. Á nefndu dómþingi lagði umboðsmaður gagnáfrýjenda fyrir hann eftirfarrandi vitna-spurningar:

- „1. Hvar var svokallað Brúsastaðasíki?
2. Hvar voru Brúsastaðahólmar?
3. Hvað nefndust síki vestan Brúsastaðaengja?
4. Hverjir nytjuðu (beittu) hólmann austur af Vatnsdalsá?“

Vitnið bar þannig:

„Svar við 1. Liggur áfram suður og austur úr vestari kvísl Vatnsdalsár, þar sem hún beygir austur við landamerki Snæringssstaða og Brúsastaða.

Svar við 2. Brúsastaðahólmar voru vestari hlutinn af engjum þeim, sem liggja milli Brúsastaðasíkis og Vatnsdalsár.

Svar við 3. Það hefur heyrt nefnda „kíla“ þessi drög þar.

Svar við 4. Almenn beit var frá Brúsastöðum að langmestu leyti, og er vitninu ekki kunnugt um, hvort nokkuð hafi komið á móti eða hvort muni hafa verið beitt austast í þessum hólma samkvæmt leyfi frá Hofi.

Aðspurt segist vitnið hafa heyrt nefnda tvo Kríuhólma. Kríuhólma heyrði vitnið aldrei kallað annað, og liggur hann austur af Snæringssstaðalandi. Syðri-Kríuhólma heyrði vitnið nefnt austasta og nyrzta hluta hólma þeirra, er liggja

milli Brúsastaðasíkis og Vatnsdalsár. Í gegnum eyrnar liggur gamall þurr árfarvegur, og er Syðri-Kríuhólminn austan þess farvegur.

Aðspurt hverjir töldust eiga Kríuhólmana, segir vitnið, að Hof, Undirfell og Snæringssstaðir eigi Kríuhólma. Syðri-Kríuhólmann heyrði vitnið talinn eign Hofs.“

Kristinn Magnússon, verzlunarstjóri á Blönduósi, fæddur 1897, hefur hinn 24. júní 1964 gefið svofellt vottorð:

„Ég . . . , sem var til heimilis að Brúsastöðum árin 1919—1922, minnst ekki annars en talið væri, að Vatnsdalsá réði landamerkjum milli Brúsastaða og Hofs.

Ég heyrði heldur aldrei talað um, að Hof ætti land eða ítök vestan Vatnsdalsár.“

Kristinn kom fyrir dóm hinn 21. september 1965, og er framburður hans svohljóðandi:

„Vitninu er lesið vottorð þess. Segir það rétt vera og hafi það skrifað yfirlýsinguna, en ártölin þar séu ekki rétt, það hafi komið fyrr, en verið samtals 3 ár.

Aðspurt segist vitnið muna eftir, að niðurengið á Brúsastöðum hafi verið kallað hólmi og farvegur austan við hafi verið þurr að mestu að sumrinu, en með pollum í, en þorir ekki að fara með nafn á því. Aðspurt segir vitnið, að neðan við „Börðin“ hafi verið drag, sem var lægra en landið austur af, en man ekki nafn á því. Landið austur að ánni var nytjað til beitar frá Brúsastöðum. Aðspurt segir vitnið, að ekkert hafi verið veitt frá Brúsastöðum í Vatnsdalsá í þeirri tíð og varð ekki heldur vart við veiði frá Hofi.“

Þá mætti Kristinn enn fyrir dómi á vettvangi hinn 1. nóvember 1965. Var þá bókaður svofelldur framburður hans:

„Spurning frá umboðsmanni gagnáfrýjenda. Minnst vitnið þess, að Vatnsdalsá eða kvísl úr henni hafi runnið eftir farvegi, sem markaður er inn á kortið rétt vestan við landamerki, ákveðinn af héraðsdómi (hér eftir nefndur „farvegur“) eða hvort slíkt rennsli hafi einungis átt sér stað í vatnavöxtum?

Svar: Að jafnaði var farvegurinn þurr, en í honum stóðu

smápollar, en geri ráð fyrir, að eftir honum hafi runnið í flóðum.

Vitnið segir, eftir að hafa gengið um vettvang, að það treysti sér ekki til að segja, hvar áin hafi runnið, en mikil breyting hafi orðið.

Vitnið upplýsir, að mest dýpi hafi verið í ánni við austurbakkann á vaði neðan við Grjótárós.“

Magnús Sigurður Jónsson bókbindari, fæddur 1894, kom fyrir bæjarþing Reykjavíkur 19. október 1966. Er vætti hans m. a. svohljóðandi:

„Vitnið kveðst vera alið upp á Eyjólfsstöðum í Vatnsdal og hafa verið þar fram yfir fermingaraldur og síðan aftur seinna um tíma. Jafnframt kveðst vitnið hafa dvalið á eftirtöldum bæjum í Vatnsdal: Forsæludal, Hvammi og Kornsa.“

Vitnið kveðst, þegar það virðir fyrir sér loftmyndina, sem sýnd er, að það átti sig svona nokkurn veginn á farvegi árinna.

Vitnið segir, að kvíslin, sem var Hofs megin, hafi alltaf verið mun meiri en sú, sem rann nær Brúsastöðum. Sú kvísl hafi oft verið lítil, en alltaf hafi þó verið dálítið vatnsmagn í henni.

Vitnið kveðst oft hafa farið þarna um á haustin frá Undirfellsréttinni. Hafi verið riðið yfir Brúsastaðasíki og yfir í Kriuhólmann... Vitnið skýrir svo frá, að vaðið þarna yfir ána hafi aldrei verið nákvæmt. Áin sé þarna auðveld yfirferðar og megi fara víða. Vitnið kveðst ekki muna eftir að hafa farið yfir ána í vatnavöxtum.

Vitnið skýrir svo frá, að þar sem stekkur hafi verið í Hofslandi, en kippkorn ofan við hann, hafi verið tjörn, sem kölluð var Ponta, hafi brotið úr austurbakkanum.

Vitnið skýrir svo frá, að stekkur þessi hafi verið töluvert vestar og norðar en Hof...

Vitnið segir, að vestasti farvegurinn hafi, að því að það minni, þ. e. a. s. neðri hlutinn, verið kallaður Brúsastaðasíki og skýrir svo frá, að sér hafi alltaf virzt meira vatnsmagn í þeirri kvísl norðan til.“

Pétur Ólafsson, fæddur 1902, kom fyrir bæjarþing Reykjavíkur 18. október 1966. Er framburður hans svolhljóðandi:

„Vitnið kveðst vera fætt í Vatnsdal, en uppalið í Þinginu. 18 ára gamalt kveðst vitnið hafa komið aftur í Vatnsdal og dvalið á Kornsa og fleiri bæjum að vestanverðu, en 1928 eða 1929 hafi það flutzt að Kötlustöðum og síðar að Hofi, en flutzt þaðan alfarið úr dalnum árið 1942. Vitnið kveðst jafnframt á þessu tímabili hafa verið tvö ár á Guðrúnarstöðum...

Vitnið skýrir svo frá, að fyrst þegar það var í Vatnsdalnum á Kornsa, hafi það átt barn í fóstri á Kötlustöðum. Barnið álitur vitnið fætt árið 1920. Vitnið kveðst því oft hafa farið yfir Vatnsdalsá að heimsækja barnið og þá hafi alltaf runnið spræna með vesturbakkanum, en misjafnlega mikið. Síðar, þegar vitnið hafi komið að Kötlustöðum, hafi það haft það fyrir mið, hversu mikið var í þessari kvísl, hvað djúpt væri yfir á vaðinu, þegar það ætlaði yfir með kerru og hest.

Vitnið skýrir svo frá, að vaðið hafi verið yfir Grjótárós og í sveig fyrir suðurenda þessarar kvíslar. Vitnið skýrir svo frá, að eftir að það hafi farið yfir vaðið, hafi það farið eftir djúpum götum, sem lágu á bökkum þessarar kvíslar frá kollóttum mel norður Brúsastaðaengjar.

Aðspurt skýrir vitnið svo frá, að því hafi ætíð skilizt, að Kriuhólminn og einnig svæðið austan kvíslarinnar, sem áður er nefnt, tilheyrði Hofi. Þessar eyrar hafi verið að gróa upp, en heiðastóðið hafi á haustin verið vaktað í Kriuhólma frá Hofi. Vitnið kveðst þó ekki muna til þess, að það hafi heyrt á þetta minnst, en skilningur sinn hafi ætíð verið þessi.

Vitnið skýrir svo frá, að það sé hvorki venzlað né skylt náíð aðiljum málsins.

Dómarinn lagði svofellda spurningu fyrir vitnið: „Getur vitnið bent eftir kortinu á farveg árinna?“

Vitnið skýrir svo frá, að aðalstraumur árinna hafi runn-

ið nokkurn veginn í beina línu frá Grjótárósi og að Pontueyri, en á henni hafi verið stekkur, þ. e. á henni miðri. Áin hafi verið komin nokkuð nálægt stekknunum, en nú sé stekkurinn horfinn, að því er það haldi.

Vitnið skýrir svo frá, að alltaf hafi heldur verið að aukast vatnsmagn í kvísl við endann á Stekkjarmelnum.

Vitnið skýrir svo frá, að aðeins smásíki hafi verið á milli túnsins á Hofi og smáeyri þar vestur af.

Vitnið segir, að ekki hafi verið um annað rennsli árinna að ræða en það, sem það hafi þegar skýrt frá.“

Sigurfinnur Jakobsson, fyrrverandi bóndi á Hurðarbaki, fæddur að Flögu í Vatnsdal 1891, hefur gefið eftirfarandi vottorð í málinu:

- „1. Er til heimilis á Bakka í Áshreppi árin 1903—1908. Er vinnumaður á Eyjólfsstöðum árin 1909—1915 og síðar á sama stað árin 1919—1923.
2. Að gefnu tilefni snertandi breytingar á farvegi Vatnsdalsár á þessu tímabili, vil ég hér með gefa eftirfarandi upplýsingar þar að lútandi, um það hvernig áin rann norður eyrarnar vestan Hofstúns og Stekkjareyrar norður að Syðri-Kríuhólmatá.
3. Að mér er þetta sérstaklega minnisstætt, liggur einkum í því, að ég átti heimili á nefndum bæjum, er næstir eru Hofi að norðan. Fjársamgöngur voru miklar frá þeim bæjum í Hofsland, og ég annaðist ætíð innrekstur á Hof haust og vor. Rekið var saman féð og það dregið sundur í Hofstekki, sem var á Stekkjareyri, en svo hét stór graseyri sunnan Stekkjarmels. Stekkurinn er nú horfinn með öllu og Stekkjareyri að mestu leyti fyrir ágang Vatnsdalsár.
4. Á þessum árum fram til 1920—1922 rann Vatnsdalsá norðvestur malareyrar, þar sem nú er settur niður raflínustaur, og áfram í sömu stefnu, þar til hún skipti sér í tvær kvíslar við syðri Kríuhólmatá, sem er suðvestur frá því, sem hinn fyrrnefndi Hofstekkur var. Féll önnur kvíslin norður með Stekkjarmel og áfram

austan Kriuhólmanna. Hin kvíslin, sú vestari, féll með Hólmabakkanum vestan Kriuhólmanna eftir þeim farvegi, sem nú er mjög vel skýr og lítið breyttur.

5. Þá er mér vel minnisstætt, að svonefnt Hofsvað yfir Vatnsdalsá var nokkru sunnar og austar (ca. 100 m) en áin skiptist, svo sem um getur undir tölulið 4. Vað þetta var talið óvenjugott yfirferðar, þótt Vatnsdalsá væri í miklum vexti, og fór ég undirritaður oft yfir ána á þessu vaði.
6. Þær miklu breytingar, er orðið hafa á rennsli Vatnsdalsár, síðan ég var á Bakka og Eyjólsstöðum, svo sem fyrr er tekið fram, hafa orsakað það, að svonefnd Bæjareyri, sem var meðfram Hofstúni austan Vatnsdalsár, er að mestu horfin, og allt rennsli árinna er nú meðfram Hofstúni og Stekkjarmel.
7. Fyrirnefnt land, bæði Bæjareyri, Stekkjareyri og eyrar þar á milli, var nytjað eftir föngum frá Hofi bæði til slæгна og beitar svo og Kriuhólmar, sem einkum voru notaðir og leigðir upprekstrarfélaginu til stóðhrossabeitar haust hvert.“

Vottorð þetta staðfesti Sigurfinnur fyrir dómi á vettvangi 1. nóvember 1965. Þá var eftirfarandi viðbótarvætti hans bókað: „Vitnið segir, að 1912 hafi áin runnið vestan við línuna, sem merkt er inn á kortið á þingskj. nr. 29, og norður undir, þar sem bifreiðin er merkt inn á kortið, og þar hafi hún verið mjög breið og skipt sér sunnan við Kriuhólma, og er bifreiðin nálægt því að vera á þeim stað, þar sem hún skipti sér.“

Hinn 6. júní 1966 kom vitnið enn fyrir dóm á vettvangi. Gerð var þá eftirfarandi bókun: „Vitnið fer með mælingarmanninum, og samkvæmt fyrirsögn vitnisins teiknar hann inn á kortið hugsaða miðlinu árinna, miðað við árið 1912 . . .

Vitnið segir, að áin hafi breytt sér í asahláku að vetri til 1915 eða 1916 og hafi farvegurinn færzt austar.“

Snæbjörn Jónsson, afgreiðslumaður í Reykjavík, fæddur 1897, hefur gefið svohljóðandi vottorð í málinu:

„Ég... ólst upp á Undirfelli frá 10 ára aldri og fram til 28 ára aldurs, og síðan var ég bóndi á Snæringstöðum frá 1928—1964, að fjórum árum frátöldum, er ég hætti búskap vegna mæðiveikinnar. Ég þekki því vel til við Vatnsdalsá fyrir landi jarðanna Hofs annars vegar og Snæringstaða og Brúsastaða og get vottað eftirfarandi:

Svokallaður Kríuhólmi hefur á síðustu áratugum stækkað allmikið, og mun enn mega sjá fyrir hinum eldri farvegi niður eftir hólmanum. Ég hef lítið svo á, að farvegur þessi væri hin réttu og eðlilegu mörk jarðanna. Hólmi þessi hefur öll sumrin verið notaður fyrir kúaland frá Snæringstöðum og einnig Undirfelli og á haustin fyrir heimahross. Hins vegar hefur hólminn ekki verið nytjaður frá Hofi fyrr en á síðustu árum fyrir kúabeit. Áður fyrr var sú kvöð á Undirfelli eða venja, að skaffað væri land undir vöktun heiðastóðs kringum réttirnar og upp eftir bökkunum, þ. á. m. í Snæringstaðaland, sem þá var óskipt úr heima-jörðinni Undirfelli. Stundum vöktuðu gangnamenn stóðið sjálfir, en síðar fréttist það, að Ágúst á Hofi hefði fengið peningagreiðslur fyrir haga og vöktun hrossanna, en sá háttur var á hafður, að þegar stóðið kom af heiðunum, var það látið dreifa sér um Kríuhólmann, en um kvöldið rekið yfir ána í Hofslandi (Setukonueyri), þar sem það var vakt að yfir nóttina í skeifulöguðum melakrika, en látið dreifa sér um eyrina um morguninn, því næst rekið vestur yfir og réttað um eða upp úr kl. 10. Það skal sérstaklega tekið fram, að stóðið fór aldrei upp í Brúsastaðahólma og alltaf riðið fyrir það, ef það slapp í þá leiðina. Brúsastaðahólmi eða hólmar eru milli Vatnsdalsár og Brúsastaðasíkis og ávallt verið nytjaðir frá Brúsastöðum og engum öðrum, svo ég viti til.

Þess má geta, að veiði var lítið stunduð í Vatnsdalsá í þann tíð, en þó var stundum dregið fyrir silung, og þá frá báðum bökkum, og skipt jafnt, að fráskildum smávegis nethlut, en faðir minn átti fyrirdráttarnetið. Annars var veiði mjög lítil í ánni á þeim tíma.

Um merkin milli Hofs og Brúsastaða get ég ekkert full-
yrt, en hvað notkun snertir, var Vatnsdalsá jafnan látin
ráða.“

Hinn 4. október 1965 gaf Snæbjörn enn vottorð í mál-
inu svohljóðandi:

„Að gefnu tilefni votta ég undirritaður, að vor hvert í
leysingum og þegar vöxtur er í ám, rennur kvísl af Vatns-
dalsá eftir gömlum farvegi austan Brúsastaðaengja.“

Snæbjörn staðfesti þessi vottorð sín á bæjarþingi Reykja-
víkur 6. október 1965 og bar þá enn fremur:

„Mætti er beðinn að skýra það nánar, hvað hann eigi
við með setningunni í vottorði á dskj. nr. 5: „Brúsastaða-
hólmi eða hólmar eru á milli Vatnsdalsár og Brúsastaða-
síkis.“ Segist hann eiga við landspildu vestan við hinn gamla
farveg, sem getið er um í dskj. nr. 6, og vestur að Brúsa-
staðasíki, en mætti segir, að mikill hluti Brúsastaðaengja
sé austan Brúsastaðasíkis, en kveðst ekki nánar geta lýst
því, hvar síkið sé, en aðspurður segist hann vel geta bent
á síkið, ef hann væri kominn á staðinn.

Aðspurður segir mætti, að ekki sé að efa það, að Brúsa-
staðasíki sé alveg samfelt, en sé þó víða grasi gróið í botni.

Aðspurt kveðst vitnið kannast við örnefnið „Syðri-Kríu-
hólmi“.

Þá er vitnið spurt: Man vitnið ekki eftir því, að heiðar-
stóðið var vaktað á litlu svæði í Kríuhólma og síðan látið
dreifa sér að morgni suður eyrarnar? Kveðst það muna
eftir því, að minnsta kosti einu sinni.“

Loks gaf Snæbjörn hinn 18. nóvember 1965 svofellt fram-
haldsvottorð:

„Vil ég að gefnu tilefni taka fram, að í réttinum var til
staðar stór uppdráttur af deilusvæðunum við Vatnsdalsá og
einnig loftmynd af sömu svæðum. Þegar ég svaraði spurn-
ingum dómarans, hafði ég gögn þessi fyrir mér og gat
þess vegna áttað mig á öllum staðhættum og aðstæðum,
enda kunnugur á þessum slóðum, frá því ég átti heima í
Vatnsdal, Undirfelli og Snæringsstöðum.

Að gefnu tilefni skal enn fremur tekið fram, að breytingar á ánni og rennsli hennar hafa ekki verið miklar ca. 30 síðustu árin.“

Steingrímur Guðjónsson, fæddur 1917, hefur hinn 4. október 1965 undirritað svohljóðandi vottorð í málinu:

„Að gefnu tilefni vottum við undirritaðir, að vor hvert í leysingum og stundum endranær rennur kvísl af Vatnsdalsá eftir gömlum farvegi austan Brúsastaðaengja, er af sumum hefur verið kallaður Brúsastaðasíki.“

Sveinn Ívar Níelsson bóndi, Flögu, fæddur 1912, hefur hinn 14. júlí 1965 vottað eftirfarandi:

„Ég... var búsettur í nágrenni við Brúsastaði, nánar tiltekið á Undirfelli og Nautabúi, á árunum 1951—1962 og var vel kunnugur staðháttum í Brúsastaðalandi og hef aldrei heyrt sikið austan við Brúsastaðaengjarnar kallað annað en Brúsastaðasíki.“

Vitnið kom fyrir dóm hinn 21. september 1965 og staðfesti vottorðið. „Aðspurt kannast vitnið við síki vestan Brúsastaðaengja, þ. e. nær Brúsastöðum, en veit ekki til, að það hafi verið nefnt neinu nafni.“ Enn kom vitnið fyrir dóm á vettvangi hinn 1. nóvember 1965. Umboðsmaður gagn-áfrýjenda lagði þá eftirfarandi spurningu fyrir vitnið:

„Minnist vitnið þess, að Vatnsdalsá eða kvísl úr henni hafi runnið eftir farvegi, sem markaður er inn á kortið rétt vestan við landamerki, ákveðin af héraðsdómi (hér eftir nefndur „farvegur“), eða hvort slíkt rennsli hafi einungis átt sér stað í vatnavöxtum?“

Vitnið svaraði spurningunni á þessa leið:

„Ég minnst þess ekki að hafa séð það nema í vatnavöxtum, en vitnið kom hér í nágrennið ekki fyrr en 1951, en átti að visu heima hér í dalnum frá 1921, en man ekki um þetta fyrir árið 1951.“

Sveinn Ragnar Jónsson, verkamaður á Blönduósi, fæddur 1912, gaf hinn 19. september 1965 svohljóðandi vottorð:

„Ég var heimilisfastur á Brúsastöðum og Kötlustöðum í Vatnsdal á árunum 1923 og 1924. Minnst ég þess, að hólmi

sá, sem er á milli svokallaðs Brúsastaðasíkis og austur að Vatnsdalsá, var alltaf kallaður Brúsastaðahólmi og aldrei annað, svo ég vissi til.

Í hólma þennan var nautgripum beitt frá Brúsastöðum þau ár, sem ég var þar í dalnum.“

Vitnið staðfesti vottorðið fyrir dómi hinn 21. september 1965.

Sverrir Meyvantsson bifreiðarstjóri, fæddur 1919, hefur hinn 16. október 1966 gefið svofellt vottorð:

„Á árunum 1947 til 1949 vann ég á verkstæði á Blönduósi. Þá hafði ég bifreið til umráða, og ók ég oft á sunnudögum inn Vatnsdalinn að vestanverðu og niður að Vatnsdalsá hjá Undirfellsrétt og síðan heimleiðina, sem þá var að Hofi, en ég lagði bílnum alltaf á eyrunum vestan við Hof, rétt norðan Grjótáróss. Leiðin frá réttinni lá fyrst suður Snælingsstaðabakka og síðan yfir vestari kvísl árinna, rétt norðan við merkjagirðingu Brúsastaða og Snælingsstaða. Síðan var farið suður hólmann og síðan eyrarnar þar suður af, en ég staðnæmdi bílnum, sem fyrr segir, á vesturbakka aðalkvísarinnar syðst á eyrunum. Þá man ég glögg, að lítil kvísl árinna rann ætíð vestan við eyrarnar, norður með Brúsastaðaengjum. Kvíslin myndaðist fyrst gegnt Grjótárósi og rann síðan norður með allháum bökkum, en ég fór yfir hana, eins og áður segir, rétt norðan við landamerki Brúsastaða.“

Þorbjörn Kristján Jónsson, fæddur 1905, mágur aðiljans Benedikts Blöndals, gaf hinn 14. júní 1964 svofellt vottorð, er hann hefur staðfest fyrir dómi 21. september 1965:

„Ég... votta hér með, að eyrarnar vestan Vatnsdalsár undan Brúsastaðaengjum hafa, svo lengi sem ég man, verið kallaðar Brúsastaðahólmar og síkið þar vestan við Brúsastaðasíki.“

Vitnið kom aftur fyrir dóm á vettvangi hinn 1. nóvember 1965 og bar þá þannig:

„Aðspurt segir vitnið, að það þekki rennsli árinna frá 1923. Vitnið segir, að rennsli árinna hafi verið í beinu áframhaldi af ánni, eins og kortið sýnir, og norður um raf-

magnsstaur og norður austan við merkjalínuna norður undir Stekkjareyrina, sem nú má heita horfin, og sló sér þar aðeins vestur og skiptist á móts við Stekkjarmel, og rann önnur kvíslin út með melnum, og hin rann vestur á við, og telur vitnið, að hún hafi runnið í svipuðum farvegi og aðaláin rennur nú.

Aðspurt segir vitnið, að það muni ekki eftir því, að skepn-um frá Hofi hafi verið beitt vestur yfir ána, a. m. k. sunnan Kriuhólma á árunum 1923—1930. Aðspurt segir vitnið, að beitt hafi verið á eyrarnar frá Brúsastöðum og ekki amazt við því af Hofsverjum.“

Enn kom vitnið fyrir dóm á vettvangi hinn 6. júní 1966. Var þá gerð svohljóðandi bókun:

„Vitnið fer með mælingarmanninum, og samkvæmt fyrirsögn vitnisins teiknar hann inn á kort hugsaða miðlínu árinna, eins og hún rann 1922, er vitnið kom hingað í dalinn.“

Þorleifur Reynir Steingrímsson bóndi, Hvammi, fæddur 1925. Hann staðfesti fyrir vettvangsdómi hinn 25. nóvember 1965 vottorð, sem hann gaf ásamt Hallgrími Guðjónsyni hinn 20. október 1965 og rakið er undir nafni Hallgríms að framan. Til viðbótar bar hann svohljóðandi vætti:

„Spurning frá lögmanni aðaláfrýjanda: „Veit vitnið til þess, að land það, sem nú stöndum vér á, hafi verið nytjað frá Hofi?“

Svar: „Já, fyrir kúabeit, og eins hafa verið pössuð hross hér úti í hólmanum. Nánar tiltekið í Kriuhólmanum og suður á móts við Stekkjarmel.“

Lögmaður gagnáfrýjenda spyr vitnið, hvort eða hvar kýrnar hafi verið reknar yfir frá Hofi, og segir vitnið: „Ég man ekki eftir að hafa séð það.“ Lögmaður gagnáfrýjenda spyr vitnið, hvort það viti til þess, að land það, er vér nú stöndum á, hafi verið nytjað frá Brúsastöðum, og svarar vitnið, að það hafi verið gert, en með leyfi Hofsbóndans, að því er það hafi heyrt. Spurning: „Hvar hefur vitnið heyrt þetta?“ Svarar vitnið, að það muni það ekki. Lögmaður aðaláfrýjanda spyr, hvort þessar nytjar hafi náð

til hrossabeitar. Þá svarar vitnið: „Ég hef ekki heyrt minnzt á það, en hef bara heyrt talað um þetta með kýrnar, að beðið hafi verið um leyfi“.

Þorvaldur Jónsson Egilsson, Reykjavík, fæddur 1897, hefur hinn 22. apríl 1965 gefið svofellt vottorð:


„Ég . . . , sem var á Brúsastöðum í Vatnsdal á árunum 1904—1906, að báðum meðtöldum, sem léttadrengur, votta það, að ég var daglega látinn reka kýrnar til beitar í Brúsa-
staðahólma, sem er austan við Brúsastaðasíkið, og vissi ég aldrei til þess, að bóndinn á Hofi amaðist við því. Enda heyrði ég aldrei talað um annað en að þeir væru Brúsa-
staðaland og tilheyrðu þeim (Brúsastöðum).

Einnig var á þessum árum dregið fyrir silung í ánni á milli Brúsastaða og Hofs og þá ævinlega með jöfnum hlut á milli bæjanna.“

Þá hefur Þorvaldur hinn 17. nóvember 1965 enn vottað svo:

„Ég . . . átti heima að Brúsastöðum í Vatnsdal árin 1904, 1905 og 1906 og oft dvalið þar síðan um tíma og tíma og á Kötlustöðum vikutíma árið 1921. Ég var t. d. í Undirfellsréttum 1959, 1960, 1961 og 1962, og síðast var ég í stóðréttinni í haust. Árið 1962 smalaði ég ásamt fleirum Brúsastaðaland milli bæjar og Vatnsdalsár. Ég er þess vegna vel kunnugur í Vatnsdalnum, þar á meðal á þeim slóðum, sem jarðirnar Hof og Brúsastaðir deila nú um landamerki. Nú hefur Sigurður Ólason lögfræðingur sýnt mér loftmynd af Vatnsdal og tel mig því geta rifjað upp og áttað mig á staðháttum og aðstöðu á deilusvæðunum, en sjálfur hef ég af heilsufarsástæðum ekki tök á að fara norður og mæta fyrir dómi þar á vettvangi, þótt fram á það yrði farið.

Ég vil að gefnu tilefni taka fram, að „Brúsastaðasíki“ var nefndur gamall farvegur eða rás austan Brúsastaðengja, en „Brúsastaðahólmi“ frá síkinu og austur að Vatnsdalsá. Var hólminn grasi gróinn allt austur að á nema einhver mól rétt við ána. Var kúm beitt frá Brúsastöðum í hólmann, og fyrir kom, að hann væri sleginn sums staðar. Aldrei vissi ég til, að kýr væru reknar yfir frá Hofi eða



Hæstaréttardómsskjal LK.

hólminn nytjaður þaðan á nokkurn hátt, enda héldu Hofskýr sig mest úti á Setukonueyrum. Ef hestar komu í hólmann, létu Brúsastaðamenn reka þá í burtu. Alveg sérstaklega er mér minnisstætt, að þegar dregið var fyrir (í Hofshyl, norður af túnfætinum á Hofi), var Brúsastaðamönnum gert aðvart, og var veiðinni skipt að jöfnu milli jarðanna. Annars var sú veiði óveruleg. Út af fyrirspurn Sigurðar Ólasonar um, hvort breytingar hafi orðið á rennsli árinna síðastliðin 20—30 ár og hvað ég muni um rennsli (farvegi) árinna fyrir þann tíma, vil ég upplýsa, eftir nákvæma athugun á loftmyndinni og miðað við það, sem mér virtist, er ég fór þarna um fyrir 3 árum, að töluvert muni hafa brotið af bakkanum að vestanverðu milli svokallaðs Litlamels og Ljótunnarmels (Vaðhvammi) og enn fremur af austurbakkanum við Hofshylinn. Aðrar breytingar tel ég ekki sjáanlegar. Um rennsli eða vatnsmagn í kvíslunum undan Hofstúni get ég ekki fullyrt, og má vera, að það hafi eitthvað flutzt til milli kvísla. Að áin hafi runnið langs eftir niður Brúsastaðahólma, get ég alls ekki munað, enda hefði ég hlotið að verða þess var. T. d. fór ég ríðandi frá Kötlustöðum niður að Brúsastöðum árið 1921 og síðan aftur um þær slóðir árið 1952, og man ég greinilega, að staðhættir við ána og vaðið voru þá óbreyttir frá því áður var. Hins vegar flæddi áin stundum yfir hólmann, þegar hún var í vexti, og fór þá stundum vestur fyrir Kríuhólmann, enda má greinilega sjá deili þess á loftmyndinni.“

Á dómpingi bæjarþings Reykjavíkur hinn 30. september 1966 staðfesti Þorvaldur síðara vottorðið.

„Vitninu er nú sýnd ljósmynd nr. 2 í dómsskjali nr. 5, og kveðst það kannast vel við staðhætti á myndinni.

Lögmaður vitnastefnda (þ. e. aðaláfrýjanda) óskar vitnið spurt:

„Eftir að vitninu hefur verið sýndur uppdráttur Ragnars Árnasonar eftir loftljósmynd, gerður í september 1965, telur vitnið sig geta með nokkuð öruggri vissu bent á það samkvæmt þessu korti, hvar meginvatn Vatnsdalsár rann á hinu umdeilda svæði á árunum 1904—1906?“

Vitninu er sýnd loftmynd sú, er lögmaður vitnastefnda (þ. e. aðaláfrýjanda) vitnar til í spurningu sinni.

Spurningin er lögð fyrir vitnið, og svarar það henni svo, að áin hafi runnið meðfram Hofstúni austan við Brúsa-
staðahólmann, en man ekki eftir, að áin hafi runnið yfir
hólmann.

Ekki man vitnið eftir því, að áin hafi runnið um Brúsa-
staðasíki.

Lögmaður vitnastefnanda (þ. e. gagnáfrýjanda) óskar vitnið spurt sömu spurningar og áður er bókuð, nema hvað miða skal við árið 1921, er vitnið var að Kötlustöðum.

Svarar vitnið spurningunni svo, að það geti það, þar sem það telji, að engin veruleg breyting hafi orðið á rennsli árinna frá 1906 til 1921. Vera megi, að lítils háttar hafi brotið af landinu Hofs megin, en telur sig ekki hafa orðið vart landaukningar að vestan (í Brúsastaðahólmann).

Vitnið er nú spurt að því, hvort það minnst stekkar, og kveðst það minnst hans í Stekkjarmelnum svonefnda. Ekki man vitnið fyrir víst, hve langt var frá stekki að ánni, en segir, að stekkurinn hafi ekki staðið alveg á bakkanum.“

IV.

Samkvæmt framlögðum gögnum var uppi á árunum 1686 til 1705 deila milli Sigríðar Þorvarðsdóttur, eiganda Hofs, og Lauritz Christiansson Gottrups, sýslumanns í Húnavatnspingi og Þingeyrarklausturs forvaltare, „um það landspláss eður Hólma kallaðan, sem liggur til kong.majst. og Þingeyrarklaustursjörðu Brúsastaði í Vatnsdal.“ Hinn 2. febrúar 1686 gekkst séra Ólafur Þorvarðsson, bróðir Sigríðar, undir það, að „áður nefnt land eður hólmi“ skuli „fylgja fyrirskrifuðum Brúsastöðum og þar með af ábúendum þeirrar jarðar brúkast líka sem hingað til verið hefur eftir hans og hans formanna bygging, inn til so lengi þar upp á lögmanns áreið og dómur genginn skeð er, hvað þó á öngvan máta hindra skal eður afdrátt gjöra, ef Sigríður Þorvarðsdóttir kann hafa eður öðlast önnur lögleg skjöl

fyrir fyrrnefndu landi eður hólma hennar jörðu Hofi til eignar fyrir utan áður áminnzta vitnisburði.“ Í kvörtunarbréfi til Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, dags. 15. marz 1703, lýsir Sigríður deilulandinu þannig: „Liggur landspartur þessi fyrir vestan það, sem nú rennur Vatnsdalsá, so að af Brúsastaða- (sem er Þingeyrarklausturs jörð) landi má nú ganga þurru fótum á þennan landspart, sem ég ekki betur veit en um langvarandi tíma kallaður hafi verið Hofshólmi og þeirrar jarðar Hofs eign haldin verið, og máske enn nú af nokkrum so kallaður og haldinn. Meinaði enginn, so mér sé vitanlegt, ábúendum á Hofi hald og brúkun á þessum hólma fyrr en Lauritz Christiansson Gotturp, lögmaður núverandi, en þá sýslumaður í Húnavatnsþingi, hafði tekið við Þingeyrarklaustri og þegar anno 1686 (ég minnst ekki betur) lét með stefnu tiltala mér um þetta.“ Telur Sigríður sig hafa verið ólögum beitta, er Gotturp sýslumaður tók landið undir Brúsastaði. Samkvæmt fyrirmælum Christians Müllers amtmanns var mál þetta tekið fyrir á manntalsþingi að Ási 2. maí 1705, en leiddi eigi til neinnar niðurstöðu.

Um Brúsastaði segir svo m. a. í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns: „Silungsveiðivon lítill í Vatnsdalsá. Deiluefni er um land það, sem nú er kallað Brúsastaðahólmi undir 20 ár, en það eignar sér ekkjan Sigríður Þorvarðsdóttir að Hofi, og kallar hún Hofshólma, hvört hér hafi ekkjan eður klaustrið réttara, er ekki reynt að lögum, en stendur þó til greina, því ekkjan klagar.“

Um Hof segir m. a. svo í jarðabókinni: „Lax og silungsveiðivon í Vatnsdalsá, iðkast lítt og hefur í margt ár að öngvu gagni verið... Beitarland fyrir vestan Vatnsdalsá eignar ekkjan jörðinni og kallar það Hofs hólma, nú halda því Brúsastaðamenn.“

I Bidrag til en historisk-topografisk Beskrivelse af Island, útgefið 1879—1882, II, bls. 37, segir P. E. Kristian Kålund m. a. um Hof: „I en lille, men forholdsvis bred, jævn dalflade ved foden af lien og til dels skrånende ned fra denne ligger Hov omgivet af to store, steile, fra lien fremløbende

melholt, med den grønne, aldeles jævne dalgrund (tunet) foran, der forsætter sig helt ned til åen.“

V.

Í málinu hafa verið lagðir fram eftirfarandi uppdrættir:

1. Herforingjaráðskort frá 1914, sem Landmælingar Íslands hafa stækkað að beiðni aðaláfrýjanda á svæði því, sem mál þetta fjallar um. Um nákvæmni uppdráttarins er skirskotað til vottorðs Ágústs Böðvarssonar landmælingarmanns, dags. 5. október 1966, en þar segir m. a. svo: „Við athugun á kortinu virðist mælingarmaðurinn hafa lagt sig eftir að teikna kortið nákvæmt á þessum stað, þar sem hann hefur afmarkað smáatriði í námunda við túnið, svo sem vað á ánni og tópt á árbakkanum. Samkvæmt því tel ég mjög líklegt, að áin hafi á þessum tíma legið að túninu“, þ. e. á Hofi. Vottorð þetta hefur Ágúst Böðvarsson staðfest fyrir dómi 19. október 1966.
2. Uppdráttur af Vatnsdalsá, sem Ásgeir L. Jónsson vatnsvirkjafræðingur gerði í september 1940, en á uppdrætti þessum er sýnt vatnsrennsli um allan „vestasta farveg“. Ásgeir kom fyrir bæjarþing Reykjavíkur 18. október 1966. Hann bar þá m. a., að kortið hafi „verið gert til þess að athuga, hvað gera mætti í áveituframkvæmdum og þurrkun á Flóðinu.“
„Vitnið segir aðspurt, að það geti ekki fullyrt, hvort vatnsmagn árinna hafi verið venjulegt, þegar mælingin fór fram, það er, eins og áin er sýnd á kortinu, en segist álíta, að það geti ekki hafa skeikað miklu. Vitnið segir, að um þetta leyti hafi verið umhleypingasöm tíð og því sé minnisstætt, að síðasta daginn, sem það hafi verið við mælingarnar, hafi verið nístingskuldi.“
3. Amerískt herkort eftir ljósmyndum frá 1945 og 1946. Lagði aðaláfrýjandi kort þetta fram. Telur hann kort

þetta sýna, að áin gangi nú meira á Hofsland en þegar kortið var gert.

VI.

Hæstiréttur taldi rétt, áður en dómur gengi í málinu:

1. Að tveir jarðfræðingar könnuðu og létu í té álit um, hver hefur verið frá fornu fari farvegur Vatnsdalsár milli jarðanna Hofs og Brúsastaða í Vatnsdal og hvort ætla meg, að áin eða hluti árinna hafi runnið í venjulegu rennsli um farveg þann, sem aðilar málsins kalla „vestasta farveg“, og ef þessu er til að dreifa, þá var beiðzt álits jarðfræðinga um, hvenær trúlegast er, að slíkt rennsli um framangreindan farveg hafi síðast átt sér stað.
2. Og enn fremur, að jarðfræðingarnir létu í té aðra þá fræðslu um farveg Vatnsdalsár á nefndu svæði, er vitneskju kynni að gefa um rennsli hennar og máli skiptir.

Hinn 17. október 1966 skiluðu jarðfræðingarnir Guðmundur Kjartansson og Þorleifur Einarsson svofelldri álitsgerð um farveg Vatnsdalsár milli Hofs og Brúsastaða:

„Að beiðni þeirra Páls S. Pálssonar og Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanna skruppum við hinn 15. október 1966 norður í Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu til að athuga farveg Vatnsdalsár milli bæjanna Hofs og Brúsastaða, ef vera kynni, að slík athugun leiddi í ljós vísbendingu um breytingar á farvegi árinna undanfarna áratugi.

Vatnsdalsá má heita dæmiger dragá. Eitt helzta einkenni slíkra vatnsfalla er miklar sveiflur í rennsli. Í frostum geta þær nær þorrið, en í vatnavöxtum margfaldast rennsli þeirra, og aurburður verður feikilegur. Á hinum lygnari köflum hlaða þær aurnum undir sig, en þar sem straumurinn mæðir fastast á, grafa þær sig niður eða brjóta bakka. Á þeim eyrum og fitjum, sem vatnar yfir í flóðunum, liggur nokkuð eftir af smágerðasta hluta aursins, binzt þar af jurtarótum og verður jarðvegur.

Meðalrennsli Vatnsdalsár hjá Forsæludal er samkv. mælingum Vatnamælingadeildar Raforkumálastjóra $9,3 \text{ m}^3/\text{sek.}$, en mesta rennsli, sem þar hefur mælt, $210 \text{ m}^3/\text{sek.}$ Ætla má, að þegar kemur niður á milli Hofs og Brúsastaða, sé rennsli árinna um tvöfalt meira.

Farvegur Vatnsdalsár er mjög breytilegur, ef miðað er við langan tíma, aldir eða árbúsund. Allt flatlendið milli túns á Hofi og svonefndra Barða niður undan Brúsastöðum (sbr. Uppdrátt Ragnars Árnasonar 1965), ofan frá Kollóttamel og niður að Stekkjarmel, er myndað af framburði árinna. Um allt það svæði hefur hún flæmzt í breytilegum álum, einum eða fleirum hverju sinni, a. m. k. átta síðustu aldir. Öskulagið, sem féll í Heklugosi um 1100 e. K. (sennilega 1104) er auðfundið í jarðvegi utan þessa flatlendis, en innan þess tókst okkur ekki að finna það.

Um gang breytinganna á árfarveginum eftir 1100 veita jarðfræðilegar athuganir aðeins vísbendingar, en engar sannanir. Til dæmis: Jarðvegsþykkt er að vísu háð tímalengd, en einnig ýmsum atvikum, sem erfitt er að henda reiður á. Slakkar (þurrar rásir og síki), sem árvatnið hefur grafið á flatlendinu, gefa í skyn, að kvíslar Vatnsdalsár, eða jafnvel megináll hennar, hafi runnið um þá í eina tíð. En í þessum slökkum er engan vitnisburð um það að finna í jarðveginum, hversu mikið eða stöðugt rennsli var um þá né heldur hvernær það átti sér stað. Þó var það samkvæmt framansögðu vafalítið, eftir að land byggðist.

Greina má nokkrar leiðir öðrum fremur, þar sem líkur eru til, að Vatnsdalsá eða verulegur hluti hennar hafi runnið á seinni öldum.

Fornlegust þeirra er vestra síkið, vestur undir svonefndum Börðum. Milli þess og eystra síkisins er jarðvegsþykkt mun meiri en annars staðar á flatlendinu, og aðeins þar er þúfnamyndun komin nokkuð áleiðis. Bendir þetta til, að alllangt, sennilega nokkrar aldir, sé síðan nokkur hluti árinna hefur runnið í vestra síkinu.

Austan eystra síkisins er jarðvegur sýnu þynnri og sums staðar enginn, heldur ber malareyri. Síkið sjálft ber með

sér, að í vatnavöxtum er þar enn verulegt rennsli. Eftir útliti síkisins er það engan veginn óhugsandi, að þar hafi verulegt vatn eða jafnvel meginhluti árinna haft framrás árum saman seint á nítjándu öld. Út frá jarðfræði athugunum verður vart kveðið nánar á um magn eða tímasetningu rennslisins í eystra síkinu.

Á austustu spildu flatlendisins, þeirri sem liggur milli eystra síkisins og megináls Vatnsdalsár, er myndun jarðvegs yfirleitt skemmt á veg komin. Á það sérstaklega við um belti, sem liggur í stefnu milli austurkinnar Kollóttamels og vesturbrekku Stekkjarmels, og eru vesturmörk þess beltis nálægt línu, sem hugsast dregin milli þessara staða. Á þessu belti liggur víða ármöl á yfirborði, óhulin af jarðvegi. Í framhaldi þessa malarbeltis til norðurs er grunn og breið rás, að vísu með nokkrum jarðvegi og gróin. Álar eða jafnvel meginvatn Vatnsdalsár kynni að hafa runnið þarna fram um nokkurt skeið á síðustu áratugum, en þó eru framangreind ummerki engan veginn sönnun fyrir því.

Þess má geta að lokum, að botn í inntaki áveituskurðar, sem grafinn var á árunum 1912—1916, austan undir Kollóttamel, er nú um 35 cm hærri en venjulegt vatnsborð árinna. Af því má ráða, að áin hefur á þessum kafla grafið sig nokkuð niður, síðan þetta mannvirki var gert. En naumast verða af því dregnar nokkrar ályktanir um færslu árinna til hliðar.“

Það athugast, að það, sem jarðfræðingarnir nefna eystra síki, er það sama og oftast er nefnt „vestasti farvegur“ í málinu. Svo sem sjá má á álitinu, er það niðurstaða jarðfræðinganna, að farvegur Vatnsdalsár hafi að fornu verið „milli túns á Hofi og svonefndra Barða niður undir Brúastöðum.“

VII.

Flest vitna þeirra, sem leidd hafa verið í máli þessu, bera um rennsli Vatnsdalsár á þessari öld og þá einkum um rennslið á árunum fyrir 1920 og fram til vorra daga. Greinir vitnin mjög á. Sum þeirra telja rennslið eigi hafa breytzt að ráði

á því tímabili, er þau þekktu til. Má hér nefna t. d. Geir Gíju, Guðmund Jónasson, Snæbjörn Jónsson og Þorvald Jónsson Egilsson og svo vottorðsgjafann Eggert Konráðsson. Önnur vitni telja aðalvatn árinna hafa runnið norður eftir þrætulandinu þveru á nefdum tíma. Má þessu til stuðnings nefna vitnin Bjarna Guðmann Jónasson, Sigurfinn Jakobsson og Þorbjörn Kristján Jónsson. Vitnið Hallgrímur Sveinn Kristjánsson, fæddur 1901 og uppalinn á Hofi, kveður aðalvatnsmagn Vatnsdalsár, þá er hann man fyrst eftir sér, hafa runnið utan við eyrar, Syðri og Ytri Kriuhólma.

Vottorðsgefandinn Daníel Davíðsson hefur sérstöðu. Hann er fæddur 1872 og var fermdur í Undirfellskirkju 1886, þ. e. tveimur árum eftir að landamerkjaskrá Brúsastaða var gerð og samþykkt. Hann þurfti oft að fara yfir Vatnsdalsá á hinu umdeilda svæði og kveðst muna vel, að „aðalrennsli Vatnsdalsár var norður“ um eyrarnar milli Hofs, Brúsastaða og Snæringssstaða 1886, „vestarlega eftir þeim“.

Ráða má af vottorði Daníels Davíðssonar og vætti þeirra Bjarna Guðmanns Jónassonar, Hólmfriðar Steinunnar Jónsdóttur og Sigurfinns Jakobssonar og svo af öðrum gögnum, að Vatnsdalsá hafi gengið nokkuð á Hofsland á seinni árum.

Með tilvísun til álits jarðfræðinganna og annarra gagna málsins verður, eins og sönnunaraðstöðu í málinu er háttað, að ætla, að farvegur Vatnsdalsár hafi „at fornu“ tekið yfir þrætusvæðið í máli þessu og vestur fyrir síki það, sem í máli þessu er nefnt „vestasti farvegur“, og allt vestur undir Börð, þó svo, að áin hefur gengið eitthvað á land Hofs á seinni árum.

Samkvæmt Jónsbók, landsleigubálg 56, og nú 3. og 8. gr. vatnalaga nr. 15/1923 á markalínan milli Brúsastaða og Hofs að vera sem næst miðju hins forna farvegar, enda breytast eigi merki, þótt farvegur breytist. Getur þetta vel samrýmst ákvæðum áðurgreindra landamerkjabréfa, en í því sambandi er á það að lita, að ólíklegt er, að umboðsmenn jarðanna, sem bréfin hafa undirritað, hafi viljað breyta hinum fornu merkjum, enda voru þeir eigi til þess

bærir. Enn er þess að geta, að eigendur Brúsastaða hafa helgað sér fullkomlega land vestan „vestasta farvegar“, en kröfugerð aðaláfrýjanda hér fyrir dómi tekur eigi til alls landsins vestur að „vestasta farvegi“. Er þá athugaefni, hvort breyting hafi orðið á þessu fyrir hefð, að því er varðar þrætusvæðið. Aðaláfrýjandi og vitni, svo sem Hallgrímur Guðjónsson, Hallgrímur Sveinn Kristjánsson, Ingvar Andrés Steingrímsson, Snæbjörn Jónsson og Þorleifur Reynir Steingrímsson, telja, að kúm frá Hofi hafi verið beitt á þrætulandið, en önnur vitni kannast eigi við það. Telja má í ljós leitt, að kúm frá Brúsastöðum hafi verið beitt á þrætulandið.

Samkvæmt vætti Gríms Gíslasonar oddvita, Saurbæ, hefur Ágúst B. Jónsson, bóndi á Hofi, tekið átölulaust, að því er séð verður, við greiðslu fyrir vörzlu stóðhrossa, sem rekin voru af fjalli til rétta árin 1927—1950, að árinu 1936 undanskildu, en stóðhrossanna lét Ágúst m. a. gæta á þrætureyunum. Styðst þetta og við vottorð Önnu Agnarsdóttur og við vætti Guðjóns Hallgrímssonar, Hallgríms Sveins Kristjánssonar, Hjalta Þorvarðssonar, Indriða Guðmundssonar, Péturs Ólafssonar, Sigurfinns Jakobssonar, Snæbjörns Jónssonar og Þorleifs Reynis Steingrímssonar. Samkvæmt því, sem nú var sagt, er eigi um það að tefla, að eigendur Brúsastaða hafi unnið eignarhefð á þrætulandinu.

Með tilvísun til þess, sem að framan hefur verið rakið, ákveðast merkin milli Brúsastaða og Hofs frá miðlinu Vatnsdalsár, sem merkt er punktinum A á uppdrætti Ragnars Árnasonar verkfræðings, hæstaréttardómsskjali LK, eftir línu, sem dregin er frá vörðu vestarlega á Kötlustaðamel um raflínustaur í punkt B á nefndum uppdrætti og þaðan að punktinum C framan undir landamerkjaskurði milli Brúsastaða og Snæringssstaða. Frá punkti A ræður merkjum miðlina Vatnsdalsár að Grjóta.

Málkostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun talsmanns aðaláfrýjanda og talsmanns gagnáfrýjenda fyrir Hæstarétti, kr. 65.000.00 til hvors þeirra, greiðist úr ríkissjóði.

Mál þetta var dæmt í héraði, án þess að gagna væri aflað í því að nokkru ráði. Þá lét héraðsdómari undir höfuð leggjast að heitfesta meðdómendur, fyrr en að gengnum héraðsdómi. Verður eigi hjá því komizt að finna að þessari málsmeðferð.

Dómsorð:

Landamerki milli Brúsastaða og Hofs skulu vera frá miðlínu Vatnsdalsár, sem merkt er punktinum A á uppdrætti Ragnars Árnasonar verkfræðings, hæstaréttardómsskjali LK, eftir línu, sem dregin er frá vörðu vestarlega á Kötlustaðamel um raflínustaur í punkt B á nefndum uppdrætti og þaðan að punktinum C fram undan landamerkjaskurði milli Brúsastaða og Snæringsstaða. Frá punkti A ræður merkjum miðlína Vatnsdalsár að Grjótá.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun talsmanns aðaláfrýjanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, og talsmanns gagnáfrýjenda, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, fyrir Hæstarétti, kr. 65.000.00 til hvors þeirra, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Húnavatnssýslu 22. ágúst 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. júlí 1965, var þingfest 19. júní 1964 skv. kröfu Gísla Pálssonar bónda, Hofi, dags. 1. maí 1964. Landamerkjadóminn skipuðu auk hins reglulega dómara, að loknum ruðningi, þeir Torfi Jónsson oddviti, Torfalæk, og Ólafur Magnússon hreppstjóri, Sveinsstöðum. Þessari landamerkjadeilu hefur valdið meint ósamræmi í landamerkjabréfum Hofs og Brúsastaða, en í landamerkjabréfi fyrir Brúsastaði, dags. 15. apríl 1884, er sagt, að landamerkin séu Vatnsdalsá, eða orðrétt, „að austan Vatnsdalsá“, en í landamerkjabréfi fyrir

Hof, dags. 25. júní 1890, segir: „Að vestan ræður Vatnsdalsá að vestasta farveg, eins og hún nú rennur“.

Eigandi Hofs gerir þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að landamerki Hofs og Brúsastaða verði vestasti árfarvegur Vatnsdalsár, sem nú finnst og eins og hann var 1890.

Eigandi Brúastaða gerir þá dómkröfu aðallega, að landamerkin verði við Vatnsdalsá, að vestasta farvegi frátöldum, en til vara, að merkin liggi um miðja Vatnsdalsá, að vestasta farvegi meðtöldum. Ef unnt er að upplýsa, hvernig áin rann fyrir síðustu aldamót, skal við það miðað, en annars kostar eftir því sem áin nú rennur. Reynd var sátt með aðiljum, en án árangurs.

Vatnsdalsá rennur þarna í kvíslum. Milli Hofs og Snæringsstaða er Kríuhólminn, og mun hann viðurkenndur eign Hofs. Hólmi sá, er tekur við suður af Kríuhólma, er hið umdeilda land, og eru menn ekki á eitt sáttir um nafn hans. Á þingskj. nr. 9 er talað um eyrar, Syðri- og Ytri-Kríuhólma. Í greinargerð talar eigandi Hofs um Hofseyrar, og fyrri eigandi Hofs talar um „svokallaða Kríuhólma“. Í örnefnaskrá fyrir Brúsastaði, skráðri af Daða Davíðssyni eftir Kristjáni Sigurðssyni, eiganda að hálfum Brúsastöðum, en dómurinn hefur hana undir höndum, segir svo:

„19. Börð, neðan við Mýrina, móa og flagaspilda, er liggur í boga sunnan og ofan við engið, niður að Melnum“.

„23. Síki liggur fyrir neðan Börðin, þar út og svo beint fram í gegnum bakkann, forarsíki.“

„24. Hólmi, allt engið neðan við Síki, nær niður að Vatnsdalsá og suður að Börðum. Skiptast (sic.) í Norður-, Mið- og Suður-Hólma.“

Eftir að hafa athugað vettvang og loftmyndir af hinu umdeilda svæði, komst dómurinn að þeirri niðurstöðu, að örnefnaskráin væri það glögg, að Síki, Brúsastaðasíki, Hólmi og Brúsastaðahólmi væru greinilega fyrir vestan farveg þann, sem eigandi Hofs kallaði „vestasta farveg“ Vatnsdalsár, og væri því sennilega um misminni að ræða á þingskj. nr. 18, en í vottorðunum á þingskjölum nr. 15. og 21 eru allar líkur til, að um nafnabrengr sé að ræða, þ. e. Síkisnafnið yfirfært á þennan „vestasta farveg“, þar sem hann er nú að mestu þurr, en málvenja mun vera í Vatnsdal að kalla gamla og að nokkru leyti þurra farvegi síki.

Dómurinn lítur því svo á, að þessi umdeildi hólmi geti því ekki heitið Brúsastaðahólmi að fornu máli, þótt ef til vill hann

sé kallaður það nú. Þegar bornar eru saman landamerkjaskrárnar á dómsskjali 2 og 3, sést, að báðar eru undirritaðar af sr. Hjörleifi Einarssyni, Undirfelli, en Snæringssstaðir höfðu landamerki sameiginleg með Undirfelli, en skipt síðar úr landi Undirfells. Skrárnar eru samdar á þeim tíma, þegar gerð var gangskör að því að koma landamerkjaskrár í lag og láta þinglýsa þeim. Þeir, sem sömdu þessar skrár, hafa því vitað fullkomlega, hvað þeir voru að gera. Þess vegna er hæpið að líta svo á, að um mistök hafi verið að ræða, þegar í öðru bréfinu er sagt „Vatnsdalsá“, en í hinu „að vestasta farveg“. Hvort tveggja getur staðizt. Af gögnum málsins og ljósmyndum sést, að Vatnsdalsá hefur brotizt allmikið til austurs, t. d. sést þetta vel við samanburð á ljósmynd í Vatnsdælu, bls. 42, (útg. Fornritafél., Reykjavík 1929) og loftmyndinni á dómsskjali nr. 22.

„Vestasta kvíslin“ hlýtur að hafa verið til á þessum tíma, annars hefði hún ekki verið nefnd, og a. m. k. 2 aðrar kvíslar fyrir neðan Hof, annars hefði það heitið „vestari kvíslin“. Myndin á bls. 42 í Vatnsdælu er tekin fyrir um það bil 30 árum og Hofsbréfið þá gert fyrir sem næst 45 árum. Miðað við þá breytingu, sem orðið hefur s.l. 30 ár, er ekki óeðlilegt að telja, að þó nokkuð vatnsmagn hafi þá, þ. e. þegar Hofsbréfið var samið, getað runnið eftir „vestasta farveg“. Hafi þá runnið nokkurt vatnsmagn eftir „vestasta farveg“, er ekkert óeðlilegt og alveg í samræmi við málvenju að telja land Brúsastaða ná að Vatnsdalsá. Enn er það jafneðlilegt og í samræmi við daglegt mál að telja, að land Hofs nái að vestustu kvíslinni, ef hólmar þeir, sem í ánni eru, tilheyri Hofi. Þess vegna verður að álykta, að orðalag bréfanna geti vel samrýmzt og það styrki þessa ályktun, að umráðamaður Hofs og Kötlustaða og Snæringssstaða (Undirfells) undirritar bæði bréfin. Rétt er að geta þess hér, að landamerkjamáli eiganda Hofs gegn eiganda Snæringssstaða var frestað, þar til dómur hefur gengið í framangreindu máli, en skv. munnlegri yfirlýsingu við málflutning og raunar í málsskjöllum er eignarréttur Hofs á Kríuhólma (ytri) gegnt Snæringssstöðum ekki vefengdur.

Umboðsmaður eiganda Brúsastaða hefur haldið því fram, að orðalag Hofsbréfanna á dómsskj. nr. 2, „að vestasta farveg“, gefi til kynna, að „vestasti farvegur“ tilheyri eingöngu Brúsastöðum, þar sem Vatnsdalsá ræður merkjum að honum. Hafi sá farvegur átt að ráða merkjum, eins og venja er um fallvötn, þá hefði

átt að standa „að vestan ræður vestasti farvegur Vatnsdalsár, eins og hún nú rennur.“

Dómurinn lítur svo á, að á þessu sé ekki svo mikill munur. Ætlunin hafi verið, að vestasti farvegur Vatnsdalsár, eins og hún rann, þegar bréfið var gert, hafi átt að ráða löndum Brúsastaða og Hofs. Þetta orðalag hafi nánast verið til þess að tryggja Brúsastaði gegn kröfum frá eigendum Hofs, ef áin félli vestar en hún gerði þá, t. d. félli aftur í Brúsastaðasíkið, enda ekki ósennilegt, að annar farvegur, þurr og vestari, hafi verið til, sbr. síðar í dóminum.

Dómurinn lítur svo á, að farvegur sá, sem greinilega sézt fyrir á loftmynd á dómsskj. nr. 22 og merkt er inn á kortið á dómsskj. nr. 12, hafi verið hinn umræddi „vestasti farvegur“, sem landamerkin eru miðuð við. Þessi farvegur er skýr og greinilegur neðan til, en óleggri syðst. Þar sem líkur eru fyrir því, að áin hafi þegar fært sig nokkuð austur, er Hofsbréfið, dómsskj. nr. 2, var gert, þá hefur eigandi Hofs fært inn á dómsskj. nr. 12 línu þá, sem hann telur, að hafi verið því sem næst „vestasti farvegur“ árinna 1890. M. ö. o. hann viðurkennir, að eyrar þær, sem hann nefnir Hofshólma, hafi ekki allar tilheyrt Hofi. Getur þetta einnig skýrt að nokkru orðalag Hofsbréfsins á dómsskj. nr. 2, „að vestasta farveg“ o. s. frv., þ. e., að greinilegur farvegur, en þurr, hafi verið til og Brúsastaðir átt hann og yfir hann til Vatnsdalsár, eða frá sjónarmiði Hofsbænda þá hafi Hof átt að vestasta farvegi, eins og áin rann þá.

Dómurinn tekur ekki afstöðu til veiðiréttar framanskráðra jarða í Vatnsdalsá, þar sem þess hefur ekki verið krafist. Þar af leiðandi tekur hann ekki afstöðu til dómsskj. nr. 20, enda eru þær upplýsingar, sem þar koma fram, mjög ófullkomnar, hvað snertir eignarrétt að árbökkum Vatnsdalsár.

Með tilvísun til framanskráðra forsenda ákveður dómurinn, að merkin milli Brúsastaða og Hofs skuli vera:

Frá vörðu, hlaðinni vestarlega á Kötlustaðamel, bein sjónhending um háspennu-raflínustaur á eyrunum gegnt íbúðarhúsinu á Hofi, um mynni skurðarins milli Brúsastaða og Snæringstaða, um Klettabelti, Klettahögg, í fjallshlíðinni norður og niður af Krossdalskúlu í smáhól í Víðidalsfelli í lægðinni sunnan við Skessusæti. (Örnefni í Víðidalsfelli eru tekin eftir Árbók Ferðafélags Íslands 1964, sjá bls. 156). Frá þessari línu ræður Vatnsdalsá að Grjótá, sem er merki milli Hofs og Kötlustaða,

en það er um 50 — fimmtíu — metra vegalengd, og er þá miðað við straumlínu aðalkvíslar árinna, en hún rennur nú í einum farvegi milli Kötlustaða og Brúsastaða.

Dómsorð:

Merki milli Brúsastaða og Hofs skulu vera frá vörðu, hlaðinni vestarlega á Kötlustaðamel, bein sjónhending um háspennu-raflínustaur á eyrunum gegnt íbúðarhúsinu á Hofi, um mynni skurðarins milli Brúsastaða og Snæringssstaða, um Klettabelti, Klettahögg, í fjallshlíðinni norður og niður af Krossdalskúlu í smáhól í Víðidalsfelli í lögðinni sunnan við Skessusæti. Frá þessari línu ræður Vatnsdalsá að Grjótá, sem er merki milli Hofs og Kötlustaða, en þar er um 50 — fimmtíu — metra vegalengd, og er þá miðað við straumlínu aðalkvíslar árinna, en hún rennur nú í einum farvegi milli Kötlustaða og Brúsastaða.

Mánudaginn 7. nóvember 1966.

Nr. 75/1966. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Rafni Kjartanssyni

(Guðlaugur Einarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitni þau, er þar getur, staðfest vætti sín.

Samkvæmt vottorði Rannsóknarstofu próf. Jóns Steffensens „fundust“ í blóði ákærða, sem honum var tekið kl. 0430 aðfaranótt 8. marz 1965, „reducerandi efni, er samsvara 1.44% af alkóhóli“.

Þykir í ljós leitt samkvæmt gögnum málsins, að ákærði